



**VESTFIRSKIR
VERKTAKAR**

www.vverk.is

**Háprýstipvottur
Kjarnaborun
Steinsögun**

Sími: 456 6600

- VEITINGAR
- SKEMMTUN
- LIFANDI TÓNLIST
- GÓÐ ÞJÓNUSTA



KAFFI EDINBORG

WWW.KAFFIEDINBORG.IS

Í byrjun desember mun Bæjarins besta gefa út sérblaðið „Á adventunni“ þar sem verður að finna fjölbreytt efni tengt adventu og jólum.

Á ADVENTUNNI

Þeir aðilar sem hafa hug á að auglýsa fyrir jólin er bent á að þarita tímanlega rými í blaðinu.



Frekari upplýsingar gefur Sigurjón í síma 456 4560.



Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk

Fimmtudagur 30. október 2008 · 44. tbl. · 25. árg.



Umtalsvert magn af efni þarf til að fylla upp í skarðið sem myndaðist. Ljós: Páll Önundarson.

Vegurinn um Óshlíð var í hættu

Viðgerð á veginum um Óshlíð gengur vel að sögn Geirs Sigurðssonar, rekstrarstjóra Vegagerðarinnar á Ísafirði. Vegagerðin hefur keyrt efni í skarðið sem myndaðist í hlíðina undir Óshlíðarveg á föstudag vegna mikils öldugangs en umtalsvert magn þarf til að fylla upp í skarðið og áætlað Vegagerðin að uppfyllingarvinnan standi út þessa viku. Geir segir veginn sjálfan hafa verið í hættu vegna öldugangsins. „Vegbrúnn sjálf rofnaði ekki en það mátti ekki tæpara standa og tel ég að þarna hafi farið betur en áhorfðist,“ segir Geir.

Töluverðar skemmdir urðu á rafmagnskerfi vegarins er

ljósastaur hrundi niður í fjöru en ljósleiðari sem liggur með veginum slapp óskemmdur eftir hamfarirnar. Að sögn Geirs voru töluverðar varnir undir veginum sem öldurnar brutu burt og kemur Vegagerðin til með að lagfæra þær varnir. „Við tókum með í reikninginn að vegurinn verður lagður af eftir tvö ár og því munum við ekki eyða miklum tilkostnaði í lagfæringar. Hins vegar gætum við að því að aðbúnaður hans og varnir verði ekki lakari en þær voru. Við munum því reyna að feta hinn gullna meðalveg í þessum lagfæringum,“ segir Geir Sigurðsson, rekstrarstjóri.

– birgir@bb.is



Töluverðar skemmdir urðu á veginum.



Spurningin um leiðirnar í lífinu

Ingunn Ósk Sturludóttir söngkona á Ísafirði hefur kynnst heimunum tvennum. Lauk langskólanámi erlendis en settist síðan að í eyrni Vigur á Ísafjarðardjúpi. Í viðtali í miðopnu greinir hún opinskátt frá þverstæðunum í lífi sínu ...



Sigríður Ragnarsdóttir er bæjarlistamaður Ísafjarðarbæjar 2008.

Sigríður bæjarlistamaður

Bæjarlistamaður Ísafjarðarbæjar var útnefndur við hátíðlega athöfn í Edinborgarhúsinu á Ísafirði á sunnudag. Sigríður Ragnarsdóttir, skólastjóri Tónlistarskóla Ísafjarðar, hlýtur nafnbótina þetta árið en Sigríður hefur ásamt því að vera tónlistarmaður, unnið óeigin-gjarnt starf í þágu tónlistarinnar á Ísafirði.

„Ég tel að tónlistin hafi aldrei verið brýnni í dag þegar svo mörg gildi sem hafa verið ríkjandi í samfélaginu hafa beðið skipbrot“, segir Sigríður en nánar er rætt við hana í blaðinu.

Sigríður er sú níunda í röðinni sem ber titilinn en fyrrum bæjarlistamenn Ísafjarðarbæjar eru: Reynir Torfason, Jón Sigurpálsson, Harpa Jónsdóttir, Vilberg Vilbergsson, Jónas Tómasson, Elfar Logi Hannesson, Pétur Tryggvi Hjálmarsson og Baldur Geirmundsson.



Við flytjum allt ...
... og ekkert er of stórt!

Eimskip-Flytjandi er með um 80 afgreiðslustaði um land allt. Hvað getum við flutt fyrir þig? Hafðu samband og fáðu tilboð.

Eyrarskúla

400 Ísafjörður

Sími 525 7890

Fax 525 7899

www.flytjandi.is



Alvarlegar afleiðingar ef aukaframlag Jöfnunarsjóðs verður lækkað

Óvíst er hvernig framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði háttáð á næsta ári í ljósi efnahagsástandsins. Samið var um að aukaframlag sjóðsins til sveitarfélaga yrði 1.400 milljónir króna til veggja ára í stað 700 milljónir króna eins og mörg ár þar á undan. Sveitarfélög berjast nú fyrir því að aukaframlag ríkissjóðs, sem

nemur þessari upphæð, verði áfram greitt í Jöfnunarsjóðinn enda hafi það á undanförunum árum leitt til þess að sveitarfélög utan vaxtarsvæða hafa verið gerð rekstrarhæf. Ísa-fjarðarbær er meðal þeirra sveitarfélaga þar sem framhald framlagsins er nauðsynlegt til að það geti framvegis sinnt skyldum sínum enda

slaga framlög sjóðsins til sveitarfélagsins í heild á þessu ári hátt í 600 milljónir króna.

„Við erum orðin háð þessu framlagi. Við sjáum fram á útsvarslækkun á næsta ári og það mun hafa mjög alvarlegar afleiðingar ef framlagið verður lækkað“, segir Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, aðspurður um næsta

ár í kjölfar þess að sveitarfélaginu var úthlutað 140 milljónum krónum af þessu 1.400 milljóna króna aukaframlagi fyrir árið 2008.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur það hlutverk að veita sveitarfélögum framlög til jöfnunar á mismunandi tekjumöguleikum þeirra og útgjaldapörf ásamt því að

greiða lögbundin framlög til samtaka og stofnana sveitarfélaga.

Sjóðurinn hefur starfað óslitið síðan 1937. Við breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga árið 1990 fór fram umtalsverð endurskoðun á starfsemi sjóðsins er fólst einkum í því að jöfnunarhlutverk hans var stóraukið. Auk

þess voru sjóðnum falin tiltekin verkefni til að greiða fyrir breytingum á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og stuðla að sameiningu sveitarfélaga. Helstu breytingar, sem gerðar hafa verið á sjóðnum síðan þá, tengjast yfirfærslu alls grunnskólakostnaðar frá ríki til sveitarfélaga þann 1. ágúst árið 1996. – *thelma@bb.is*

Vilja taka 120 milljóna króna lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga

Bæjarráð Bolungarvíkur hefur lagt til að bæjarstjóra verði veitt heimild til að undirrita láns skjöl vegna 120 milljóna króna lánveitingar frá Lánasjóði sveitarfélaga. Bæjarráð Bolungarvíkur leggur til við bæjarstjórn að staðfesta eftirfarandi lántökuheimild: „Bæjarráð Bolungarvíkur

samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 120.000.000 kr. til 10 ára, í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/

1998. Er lánið tekið til framkvæmda skv. samþykktri endurskoðaðri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2008 og til fjárhagslegrar endurskipulagningar Bolungarvíkurkaupstaðar, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006“.

Jafnframt vill bæjarráð að bæjarstjóra verði veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess fyrir hönd Bolungarvíkurkaupstaðar að undirrita láns samning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, fyrirmæli sem tengjast lántöku þessari.



Bæjaryfirvöld í Bolungarvík hyggjast taka 120 milljóna króna lán.



Fokker 50 vél á Ísafjarðarflugvelli.

Fólk flýgur frekar í kreppu

Arnór Jónatansson, svæðisstjóri Flugfélags Íslands á Vestfjörðum, segir Vestfirðinga kjósa fremur að ferðast með flugi nú á dögum þegar þrengingar eru á efnahag þjóðarinnar. Arnór segir mælanlega aukningu vera á seldum sætaferðum Flugfélags Íslands á Vestfjörðum þó svo að á þessum árstíma sé venjulega rólegt yfir sölu á flugferðum hjá Flugfélaginu.

„Slæmt efnahagsástand virðist hafa þveröfug áhrif á sölu á sætaferðum til og frá Ísafirði. Fólk velur frekar ódýrari og fljótlegri ferðamáta þegar þrengir á efnahag þess. Ef sala á flugferðum heldur áfram að aukast líkt og hún hefur gert undanfarið þá vonumst við til að auka tíðnina á flugferðum til og frá Ísafirði, en þetta er ekki töluverð aukning á seldum flugferðum enn sem komið er, því verðum við að bíða og sjá hvort að þessi aukning heldur áfram,“ segir Arnór.



Landsbankinn

Atvinna

Landsbankinn á Ísafirði vantar starfsmann til að sjá um smá viðvik s.s. snjómokstur, slátt, gluggapvott og fleira.

Áhugasamir hafi samband við Ingu Karlsdóttur í síma 410 9101.



Enginn vöruskiptamarkaður

Á fasteignamörkuðum á höfuðborgarsvæðinu eru skipti á húsnæði orðin algeng. Skiptir fólk þá húsnæði sínu ásamt ýmskonar eignum til þess að eiga fyrir útborgunum á nýju húsnæði. Guðmundur Óli Tryggvason hjá Fasteignasölu Vestfjarða segist ekki farinn að sjá slík viðskipti á Vest-

fjörðum.

„Fasteignir á Vestfjörðum eru mun ódýrari en á höfuðborgarsvæðinu þannig að við getum yfirleitt fjármagnað kaupin upp að 80% með láni frá Íbúðalánasjóði, útborgun í peningum er því hlutfallslega mun minni hér, hámarkslán hjá Íbúðalánasjóði er 20 milljónir.

ónir króna og eftir að bankarnir hurfu út af markaðnum er því mun erfiðara fyrir höfuðborgarbúa að brúa bilið sem stendur eftir, því notast fólk við allskonar skipti og tekur allskonar eignir upp í kaupverð“ segir Guðmundur.

Hann segist sjá aukinn áhuga hjá íbúum á höfuðborg-

arsvæðinu um að skipta á eignum við íbúa á Vestfjörðum. „En þá eru verið að tala um skipti á mikið veðsettum eignum á höfuðborgarsvæðinu upp á 30-40 milljónir og fólk hér er ekki kannski ekki tilbúið til að skulðsetja sig mikið svo mikið til að skipti fari fram“ segir Guðmundur.

Búið að sprengja 12% Bolungarvíkurganga

Búið er að sprengja 627 metra eða rúm 12% af heildarlengd Bolungarvíkurganga sem eiga að verða 5.156 metrar að verki loknu. Gangagröftur í göngunum gekk vel í síð-

ustu viku. Frá Hnífsdal voru sprengdir 47 m og var lengdin þeim megin orðin 211 m í vikulokin. Frá Bolungarvík voru sprengdir 60 m og var lengdin þar 416 m í vikulokin.

Athygli vekur að framkvæmdir ganga mun hraðar Bolungarvíkur megin en það stafar af því að vaktir Hnífsdalsmegin eru ekki fullmannaðar alla vikuna.

Gert er ráð fyrir að göngin verði að fullu grafin í október 2009 og í framhaldi af því verði ráðist í vegagerð og frágang inn í göngunum sem verði tilbúin í júlí 2010.



Harðfisks- og hákarlaverkun Guðmundar Páls Óskarssonar í Hnífsdal.

„Seinagangur bæjaryfirvalda eykur á óvissu mína“

Guðmundur Páll Óskars-son, harðfisks- og hákarls- verkandi í Hnífsdal, segist þurfa fara úr atvinnuhúsnæði sínu í vetur. Breytingar á aðal- skipulagi Ísafjarðarbæjar leiða til þess að atvinnuhúsnæði Guðmundar vikur fyrir nýju vegstæði frá jarðgöngum undir Óshlíð í gegnum Hnífsdal. „Það er ljóst að ég get ekki haldið úti starfsemi fyrir- tæki míns á þessari lóð áfram.

Ég er ekki viss hver framtíð fyrirtækisins verður, það fer eftir því hvað ég fæ fyrir húsnæðið. Ef ég reisi nýtt húsnæði þá þarf ég að vita fyrst hvar ég má reisa hjalla því ekki er mikið af hentugum lóðum fyrir þannig byggingar á svæðinu,“ segir Guðmundur.

Guðmundur segist hafa komist að því fyrir slysi í endaðan maí að nýr vegur færi

yfir lóð hans. „Þessar breyt- ingar komu hvergi fram í að- alskipulagi og ég var aldrei látinn vita að vegurinn kæmi yfir mína lóð og gat því ekki mótmælt breytingum á aðal- skipulagi. Ég hef itrekað sent Vegagerðinni bréf um þetta mál og hvernig standi á þessu en þeir hafa alltaf vísað málinu frá sér og segja það mál Ísa- fjarðarbæjar,“ segir Guðmundur.

Guðmundur segir seina- gang Ísafjarðarbæjar auka á óvissu sína varðandi atvinnu- rekstur sinn. „Ég hef farið fram á að þetta mál verði klár- að hið snarast af hálfu Ísa- fjarðarbæjar svo ég fái að vita hvar ég stend varðandi fram- haldið. Mér hafa engin svör borist frá bæjaryfirvöldum og hver dagur án svara til mín eykur á óvissu varðandi atvinnu- rekstur minn,“ segir Guðmundur.

„Ísafjarðarbær er ekki að tefja málið“

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, vill koma á framfæri vegna fréttar hér að ofan um mál Guðmundar Páls Ásgeirssonar, harðfisks- og hákarlsverkanda í Hnífsdal, að bæjaryfirvöld séu ekki að reyna að tefja mál Guðmundar, svona mál taki einfaldlega langan tíma. Halldór segir Ísafjarðar- bæ vera ábyrgan gagnvart þeim sem verða sannanlega fyrir tjóni af völdum breytinga á skipulagi sveitarfélagsins. „Ég itreka að það er gagnvart þeim sem sannanlega verða fyrir tjóni. Vegagerðin hefur hafnað bótakröfu fyrir sitt leyti, þar á bæ er ekki talið að Guðmundur Páll verði sannanlega fyrir tjóni. Þessi framkvæmd er á þeirra ábyrgð. Vegalagning er ekki hafin framhjá hjallinum hjá Guðmundi Páli og þess vegna getur hann notað aðstöðuna sína áfram. Ég hef itrekað þetta við hann,“ segir Halldór.

Halldór segir bæjarlögmann Ísafjarðarbæjar ekki hafa lokið við málið af hálfu bæjarins. „Það hefur verið þannig ástand undanfarnar vikur í þjóðfélaginu að því miður hafa önnur mál þurft að bíða bæði hjá honum og öðrum. Ég veit að skilningur ríkir vegna þess. Ég get ekki séð að vegalagning fari yfir lóð hjá Guðmundi Páli. Samkvæmt upplýsingum mínum frá VST og Vegagerðinni mun ekki svo vera en það mun koma betur fram í áliti bæjarlögmanns. Vegurinn liggur framhjá hjallinum

í dag og miðað við þær upplýsingar sem ég hef fengið mun vegurinn ekki liggja mikið nær heldur en hann gerir í dag,“ segir Halldór.

Halldór segir breytingu á aðalskipulagi hafa verið auglýsta í endurbirthingu 17. desember 2007. Þar var auglýst til hvaða svæðis þetta tæki. Þar segir m.a.: „...Núverandi þjóðvegur liggur mjög nálægt íbúðasvæði og sem mótvægisáðgerð er gert ráð fyrir að færa veginn út fyrir þéttbýlið á um 1 km. löng- um kafla.“ Á öðrum stað segir: „Þeir sem telja síga eiga hags- muna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemd- ir.....“.

Halldór segir athugasemdafrest hafa verið framlengdan svo fólk og fyrirtæki gætu komið með athugasemdir. „Þegar aðal- skipulag er auglýst eru helstu stærðir sýndar s.s. lega vegar. Það getur aldrei orðið mjög nákvæmt en sýnir að vegurinn liggur nokkurn veginn á sama stað framhjá hjalli Guðmundar Páls og hann liggur í dag. Ein af þeim forsendum sem Guð- mundur Páll gefur sér er sú túlkun Matvælastofnunar að vegur sé mengandi starfsemi og að hjallur megi ekki vera nær meng- andi starfsemi en 500 metra. Það er að mati undirritaðs arfa- vitlaus túlkun sem dæmi í raun flesta harðfiskhjalla á Vest- fjörðum úr leik,“ segir Halldór.

– birgir@bb.is

Hefur ekki bein áhrif á Sparisjóð Bolungarvíkur

Krafa Seðlabanka Íslands á hendur Sparisjóðabanka Ís- lands um auknar tryggingar sem nema 60 milljörðum króna hefur ekki bein áhrif á Sparisjóð Bolungarvíkur. Eins og fram hefur komið í fjöl- miðlum hefur Seðlabankinn tilkynnt Sparisjóðabankanum að verðmæti óvarinna verð-

bréfa sem Sparisjóðabankinn hefur í veðlánunum hjá bank- anum og útgefin voru af Glitni, Kaupbingi og Landsbanka, hafi verið endurmetin. Krefur Seðlabankinn því Sparisjóða- banka Íslands um auknar tryggingar vegna þeirra veð- lána.

„Þetta hefur ekki bein áhrif

á Sparisjóð Bolungarvíkur þótt við séum í viðskiptum við Sparisjóðsbankann. Vissulega eiga sparisjóðir landsins stór- an hlut í Sparisjóðsbankanum en við sjáum ekki fram á að það muni hafa nein úrslita- áhrif“, segir Atli Freyr Sæv- arsson, aðstoðarsparisjóðs- stjóri Sparisjóðs Bolungarvík-

ur.

Að því er fram kemur í til- kynningu til Kauphallar Ís- lands leitar Sparisjóðabanki Íslands nú samninga við Seðlabankann og /eða ríkis- sjóð vegna þessa endurmats Seðlabanka Íslands.

– thelma@bb.is



Flateyri.

Fólksflótti frá Íslandi

Miklar líkur eru á því að fjöldi innflytjenda forði sér heim frá Íslandi vegna fjár- málakrisunnar en flestir þeirra eru frá Póllandi. BBC fjallaði um málið í síðustu viku og tekur Flateyri sem dæmi þar sem íbúarnir séu 200 talsins, þar af 100 inn- flytjendur. Segir í umfjöll- un BBC að Flateyri sé langt frá storminum sem geisar yfir fjármálalífi Reykjavík- ur en stormsins verði fljót- lega vart fyrir vestan. BBC segir að eina starfsemin sem finna má á Flateyri fyrir utan barinn, sé fiskvinnslan á staðnum þar sem starfs- mennirnir koma frá Pól- landi, Filippseyjum og Tai- landi.

Að sögn Vigdísar Erlings- dóttur, eiganda vinnslunnar, starfa 36 hjá fyrirtækinu og aðeins þrír eru Íslendingar. Flestir komi frá Póllandi og ekki væri hagt að halda vinnslunni gangandi án þeirra. „Þeir eru undirstaða bæjarins.“ Að sögn Vigdísar hefur margt breyst frá því hún var að alast upp á Flateyri. Á þeim tíma voru íbúarnir 350-400 talsins en nú séu þeir 200 og þarf séu um eitt hundrað útlendingar. BBC ræðir við Janínu Krzyszewska sem kom til

Flateyrar fyrir þremur ár- um. Hún býr þar ásamt eig- inmanni og börnum og þau hafa keypt sér hús á Flat- eyri. „Fyrir mig er heima hér en ég geri ráð fyrir að fara aftur til Póllands í fram- tíðinni. Það fer allt eftir verðbólgunni.“ „Hún fær mig til þess að íhuga það alvarlega að fara heim aftur. Bróðir minn er harðákveð- inn í að fara aftur til Pól- lands og frændi minn vill líka fara,“ segir Janína. Seg- ir í grein á vef BBC að útlendingahatur þrífist á Ís- landi. Til að mynda hafi leigubílstjóri sem ók grein- arhöfundi í Reykjavík sagt að um 20 þúsund Pólverjar væru á Íslandi og það væri 20 þúsundum of mikið.

Dorota Erutkowska-Braga- sson, sem er gift Íslendingi og vinnur sem túlkur, segir í samtali við BBC að fjöl- miðlaumfjöllun um samfé- lag Pólverja, nauðganir og þjófnað hafi haft áhrif til hins verra. „Íslensk börn heyra slæma hluti um Pól- verja, kannski frá foreldrum eða annarsstaðar. Þau koma í skólann og nota þetta á, segja pabbi þinn er nauðgari eða eitthvað því um líkt. Þetta er sorglegt.“ Frá þessu var greint á mbl.is.

Fjölmörg slagsmál um helgina

Lögreglunni á Ísafirði bárust fjölmargar tilkynn- ingar um slagsmál í ná- grenni við veitingastaði á Ísafirði um helgina. Aðfara- nótt laugardags var einn maður færður í fangaklefa eftir slagsmál. Aðfaranótt sunnudags hafði lögreglan afskipti af nokkrum aðilum vegna slíkra mála. Um kl. 03:30 var tilkynnt um lík- amsárás á veitingastað en þar höfðu tvær konur tekist á. Kæra vegna líkamsárásar hefur verið lögð fram vegna þessa atviks.

Þá var einn aðili vistaður

fangageymslu eftir slags- mál um kl. 04:00 þessa nótt. Lögreglumenn þurftu stöðva slagsmál utan við veitinga- staði í nokkrum tilfellum en ekki er vitað til þessa að frekari eftirmál hafi orðið af þeim atvikum. Tveir öku- menn voru stöðvaðir fyrir meinta ölvun við akstur um helgina, annar á Patreks- firði og hinn á Tálknafirði. Þessu til viðbótar voru tveir ökumenn handteknir grun- aðir um akstur undir áhrif- um fíkniefna, annar á Ísa- firði en hinn í Bolungarvík.

– birgir@bb.is




Sænsk poppgóð hyllt með stæl

Öskurbuskurnar gáfu klassísku popplögunum nýgamlan blæ í anda seinni heimstyrjaldarinnar.

Sýningin Abba-tribute var frumsýnd í Edinborgarhúsinu á Ísafirði á laugardag en þar flytur hljómsveitin Apollo og söngsveitin Öskurbuskurnar þekktustu lög sænska kvartettsins. Óhætt er að segja að sýningin hafi slegið í gegn en áhorfendur risu úr sætum og lófatakinu ætlaði aldrei að linna þrátt fyrir aukalag væri tekið. Blaðamaður Bæjarins besta var meðal gesta og var sérstaklega ánægður með að sýning væri ekki eftirhermu,,sjó“ heldur tónlistarflutningur til heiðurs sænsku poppgóðanna. Þá var nánast eins og fimmtí áratugurinn mætti þeim áttunda en röddun söngkvennanna þriggja minnti oft á söng sem átti heima á skemmtistöðum í seinni heimstyrjöldinni. Varpaði það ákveðnum ferskleika á klassísku lögin sem allir þekkja að heyra þau með svona nýgömlum blæ. Apollo hefur fyrir löngu sann- að ágaeti sitt en þessi eituhressa ísfirska sveit hefur tryllt lýðinn á ófáum dansleikj- um og kann svo sannarlega að halda uppi fjörinu. Það kom sér vel á Abba tribute en með Halldór Smárasón í broddi fylkingar framkölluðu Apollo drengirnir sann- kallað diskóstud. Stúlkna sveitin Öskurbuskurnar átti ekki síður hlut í máli í að halda uppi stuðinu en blaðamaður bendir lesendum á að fylgjast vel með þessum stúlkum í framtíðinni. Dagný Hermannsdóttir framkallaði angurværa englarödd og Svanhildur Garðarsdóttir virtist geta feykt áhorfendum um koll hefði hún notað allan kraft sinnar mögnuðu raddar. Blaðamaður las einhvers staðar að Björn Ulvæus hefði sagt Meryl Streep vera snilling fyrir að negla lagið The winner takes it all í einni töku og varla hefði hann verið síður ánægður með flutning Helgu Mar- grétar Marzellfusardóttur á því lagi, a.m.k. fékk blaðamaður gæsaþúð við að hlýða á það. Það er því óhætt að hvetja alla sem hafa hug á góðri skemmtun að fara á sýninguna sem verður sýnd í Edinborgarhúsinu fram að júlum. – thelma@bb.is



Halldór Smárasón fór létt með að bregða sér frá í píanóinu í nýtt hlutverk sem aðalsöngvari.



10% VAXTAAUKI

FYRIR 5. NÓVEMBER



Búðu í haginn

Þú færð 10% vaxtaauka til áramóta á **SP12** og **Netreikningi** Sparisjóðsins, sem stofnaðir eru fyrir 5. nóvember.

SP12 er hávaxta sparnaðarreikningur í Heimabanka þar sem vextir greiðast mánaðarlega. Hann er óverðtryggður og óbundinn og fara vextirnir eftir innistæðu.

Komdu við á næsta afgreiðslustað Sparisjóðsins, eða kynntu þér málið á spkef.is.

Netreikningur er óverðtryggð og óbundin hávaxta-sparnaðarleið. Vextir fara eftir innistæðu og greiðast í árslok.

 **SPARISJÓÐURINN**
spkef.is

Fæðingum fjölgar á Ísafirði

Nú þegar hafa fleiri börn fæðst á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði en allt árið í fyrra. 64 börn hafa komið þar í heiminn í ár en þau voru 47 allt síðasta ár. Vestfirðingar virðast því vera óvenju frjósamir í ár en ekki hafa fleiri börn fæðst á Ísafirði síðan á fyrsta ári þessarar aldar. 52 börn fæddust á Ísafirði árið 2006 og aðeins einu fleira 2005 sem er heldur færri en árið þar á undan þegar 61 barn fæddist en 79 fæddust 2004. Árið 2003 voru aðeins 49 fæðingar á Ísafirði en 62 börn fæddust árið 2002.

Ritstjórnargrein

Atvinnu öðru fremur

Versti óvinur vinnufúsra handa er atvinnuleysi. Af biturri fyrri tíma reynslu er mönnum ljóst, að við þær aðstæður sem nú blasa við íslensku þjóðinni verði að tjalda öllu til að koma í veg fyrir að sú gífurlega holskefla atvinnuleysis sem yfir vofir skelli á varnarlausu fólki með öllum þeim skelfilegu afleiðingum, sem óhjákvæmilega fylgja atvinnuleysi.

Sú var reyndin, og þarf ekki öldunga til að muna, að íslensku bankarnir töldu það sitt helsta hlutverk að styðja við bakið á fyrirtækjum, ekki síst í sjávarútvegi, um land allt. Með þessum orðum er því engan veginn haldið fram að allt hafi þetta því verið dans á rósum. Öðru nær. Þá, eins og ævinlega, skiptust á skin og skúrir. Segja má að þetta viðhorf hafi breyst við þann erkibiskupsboðskap að hætt yrði að lappa upp á þau krummaskuð, sem ekki gætu lifað á eigin forsendum. Framhaldið, eftir að íbúar þessara lítils metnu sjávarþorpa, í flestum tilfellum, voru í kjölfarið sviptir aldagömlum rétti til að nýta fiskimiðin úti fyrir, þarf ekki að rekja.

Ekki var annað á fulltrúum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMF) að heyra en að stjórnvöld yrðu að leggja höfuðáherslu á að efla atvinnulífíð; halda lífinu í fyrirtækjum sem nokkur von væri til að þreyðu þórrann og stuðla með öllum mætti að fjölgun gjaldeyrisaflandi framleiðslu. Til þessa verks þyrfti að skjóta styrkum stoðum undir hina nýju, íslensku banka sem bakhjarla fyrirtækja í sókn þjóðarinnar til nýrrar framtíðar.

„Það er fátt þjóð óhollara en að hafa ekkert að gera,“ segir formaður Landssambands smábátaeigenda, sem vill að sjávarútvegsráðherra hækki línuívilnun og setji hana á alla krókabáta, en með því mætti skapa fjölda nýrra starfa, sem nú ætti að vera hægt að manna, þótt um nokkurt skeið hafi dregið úr vilja Íslendinga til slíkra verka. Dæmi um viðhorfsbreytingu er nú sækir fjöldi manns um kennarastöður sem losna, þótt hingað til hafi það ekki þótt feitur göltur að flá.

BB hefur í gegnum árin ekkert dregið úr andúð sinni á því hve umhverfisvænustu veiðiaðferðinni, krókaveiðum, er gert lágt undir höfði af stjórnvöldum. Því miður bendir fátt til að breyting verði á. Við erum sögð verða gæta orðsporsins. Íslendingar séu ábyrg auðlindarnýtingarþjóð, sem byggj „á sjálfbærri nýtingu auðlinda þar sem ekki er gengið á fiskistofnana, en þeim haldið við og þeir efldir“, svo vitnað sé til orða sjávarútvegsráðherra. Afrakstur áratuga fiskveiðiverndarstefnu okkar gefur ekki tilefni til hátíðahalda. Nú erum við í nauðum. Nú verðum við að nýta auðlindir okkar innan ýtrustu skynsemismarka. Við eigum ekki annarra kosta vól.

Þegar orðsporið eitt er eftir, verður ekki úr miklu að spila.

s.h.

Á þessum degi fyrir 22 árum

Harmonikkufélag

Undirbúningsfundur vegna stofnunar harmónikufélags var haldinn fyrir stuttu. Þar komu saman sex menn, Ásgeir S. Sigurðsson í Skipasmiðastöðinni, Ásgeir Sigurðsson í Pólnum, Birkir Þorsteinsson hjá Oliufélaginu, Pétur Bjarnason fræðslustjóri, Sigurbjörn Sverrisson (Silli í Þór) og Sæmundur Guðmundsson málari.

Þessir menn spiluðu flestir saman á afmælisdansleiknum mikla í Turnhúsinu í sumar. Nú er stefnt að því að koma saman í eitt félag þeim sem vilja leggja rækt við harmóníkuna. Og ekki bara þeim sem spila sjálfir heldur hinum sem þykir bara vænt um þetta sérstæða hljóðfæri.

Ekki er enn ljóst hversu stórt eða víðtækt þetta félag verður. Þó má ætla, að það verði ekki bundið við Ísafjörð, heldur muni menn víðar af Vestfjörðum slást í hópinn. Stofnfundurinn sjálfur verður haldinn á næstunni, að líkindum nú í byrjun nóvember. Þeir sem hafa hug á því að vera með, eða vilja forvitnast nánar um þetta, ættu að hafa samband við Ásgeir S. Sigurðsson eða Sigurbjörn Sverrisson sem allra fyrst.

Samstarfssamningur endurnýjaður

Samstarfssamningur um frumgreinanám á Vestfjörðum milli Háskólaseturs Vestfjarða og Háskólans í Reykjavík hefur verið endurnýjaður. Í samningnum felst að Háskólasetur Vestfjarða býður upp á frumgreinanám HR á Vestfjörðum ásamt því að sjá um fjarkennslu til nemenda HR sem stunda nám á 1.önn. Á vorönn verða teknir inn nýir hópar í frumgreinanám og fer það eftir undirbúningi nemenda hversu langt námið er. Kennsla í frumgreinanámi hófst við Háskólasetur Vestfjarða í byrjun árs og var það í fyrsta sinn sem full kennsla í þessu námi fór fram við setrið.



Gönguskiðafólk er mjög ánægt með aðstöðuna í Tungudal. Á myndinni eru þau Auður Yngvadóttir og Skúli Berg.

Gönguskiðavertíðin hafin

Gönguskiðamenn á Ísafirði hafa dustað rykið af skiðum sínum eftir að gönguskiðabraut var opnuð í Tungudal í Skutulsfirði. Að sögn Stellu Hjaltadóttir, Íslandsmeistara í 5km skiðagöngu kvenna, er gönguskiðafærið með besta móti og er mikil ánægja meðal gönguskiðafólks með aðstöðuna. „Mikill fjöldi var við

gönguskiðaiðkun á sunnudag og fólk virðist taka rosalega vel við sér með því að mæta út og ganga. Stella segir gönguskiðadeild Skiðafélags Ísfirðinga byrjaða á æfingum utandyra og vonast hún til að þau geti haldið þeim utandyra ef fram fer sem horfir.

„Ég veit ekki hvenær við getum farið að stunda íþróttina

á gönguskiðasvæðinu upp á Seljalandsdal. Það fer eftir því hvenær vegurinn verður opnaður þangað. Aðstaða þar er með allra besta móti fyrir okkur. En við erum rosalega ánægð að geta stundað gönguskiði í Tungudal og hentar sú aðstaða almenningi öllum,“ segir Stella.

Stella segir yfirlýsingar sín-

ar varðandi að verja Íslandsmeistaratitil sinn vera hógværar. „Ég hef verið fremur róleg við æfingar í sumar eftir að ég meiddist á hné. Ég verð bara að biða og sjá til með æfingar ef ég fæ bót á meini mínu. Er ekki annars alltaf sagt að maður eigi að hætta á toppnum,“ segir Stella og hlær.

– birgir@bb.is

280 milljónir til Vestfjarða

Tvö hundruð og áttatíu milljónir króna renna til sveitarfélaga á Vestfjörðum samkvæmt áætlun ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um úthlutun svokallaðs aukaframlags úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga fyrir yfirstandandi ár. Alls munu 1.400 milljónir króna renna til sveitarfélaganna en framlögunum er ætlað að jafna aðstöðumun sveitarfélaga sem talin eru í mestri þörf fyrir sérstakt við-

bótarframlag vegna þróunar í rekstrarumhverfi þeirra og erfiðra ytri aðstæðna. Mest kemur í hlut Ísafjarðarbæjar samkvæmt áætlun yfir framlögin eða 140 milljónir kr. Þá fær Vesturbyggð rúmar 56,7 milljónir og Bolungarvíkurkaupstaður rúmar 25 milljónir. Strandabyggð fær tæplega 19 milljónir og Súðavík-urhreppur fær tæplega 10 milljónir. Tálknafjarðarhreppur fær tæpar 15 milljónir, Ár-

neshreppur tæplega 2,3 milljónir, Kaldrananeshreppur tæplega 6,8 milljónir, Reykhólahreppur 11 milljónir en ekkert kemur í hlut Bæjarhrepps.

Við úthlutun framlagsins er tekið mið af íbúafækkun í sveitarfélögum á tilteknu árabili, þróun útsvarstofns, íbúaþróun og útgjaldaþörf sameinaðra sveitarfélaga. Áætlunin nú tekur til alls framlagsins en áður hafði komið til úthlut-

unar og greiðslu framlags að fjárhæð 400 milljónir króna vegna íbúafækkunar. Greiðslufyrirkomulag á eftirstöðvum framlagsins er með þeim hætti að þegar hafa verið greiddar 500 milljónir króna til sveitarfélaga á grundvelli 3., 4. og 5. gr. reglnanna og afgangurinn, 500 milljónir, verður greiddur fyrir árslok þegar endanlegar upplýsingar um útsvarstekjur sveitarfélaga liggja fyrir. – thelma@bb.is

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sölgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564
Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is · **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is · **Birgir Olgeirsson**, símar 456 4560 og 867 7802, birgir@bb.is
· **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson · **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. · **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. · ISSN 1670 - 021X

*Veljum íslenskt
– okkar hagur!*





Skemmtiferðaskipið Discovery á Ísafirði.

Komum skemmtiferðaskipa fjölgar

Nú þegar hafa hátt í 30 komur skemmtiferðaskipa verið tilkynntar til Ísafjarðarhafnar á næsta ári eða tíu fleiri en í ár. Stefnið því í metár í komu skemmtiferðaskipa en til samanturðar má nefna að á þessu ári var heildarfjöldi skemmtiferðaskipa sem lögðu leið sína til Ísafjarðar tuttugu talsins. Í samtali við Bæjarins besta í sumar sagði Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar, að markvisst hefði verið unnið að því undanfarin ár að auka komu slíkra skipa til Ísafjarðarhafna.

Skipin sem koma næsta sumar eru mjög mismunandi að stærð, allt frá tæplega 4 þúsund tonnum og

upp í ríflega 60 þúsund brúttótonn að stærð. Með minnsta skipinu koma 250 farþegar og um 1.650 með því stærsta en heildarfjöldi farþega sem koma með skipunum til Ísafjarðar er 17.738 manns en til gamans má geta að um 10.000 farþegar komu á þessu ári með skemmtiferðaskipum til Ísafjarðar.

Útlit er því fyrir gott ár og miklar annir hjá þeim þjónustuaðilum sem koma á einn eða annan hátt að þessum skipakomum. Ísafjarðarhöfn er enn að taka á móti bókunum og gæti því fjöldi skemmtiferðaskipa, sem leggja leið sín til Ísafjarðarhafnar, aukist fyrir næsta sumar.

– birgir@bb.is



Borea adventures gerir út skútuna Aurora.

Sumarið gekk vel hjá Borea adventures

Ferðmannavertíðin gekk vel í ár hjá Borea adventures að sögn Rúnar Óla Karlssonar, eins eiganda fyrirtækisins. „Við byrjuðum á skíðatúrum í lok mars og vorum í þeim ferðum alveg út maí. Svo vorum við á Jan Mayen mestan hluta júní mánaðar og það var mjög skemmtilegt og spennandi að fara á þann stað því við höfðum aldrei komið þangað áður. Síðan buðum við upp á léttar ferðir í Jökulfirðina og vorum með kajak- og gönguferðir. Síðan fórum við til

Grænlands einu sinni í ágúst og svo aftur í september,“ segir Rúnar Óli. Rúnar Óli segir að Borea adventures sé byrjað að taka á móti bókunum fyrir næsta ár. „Mér finnst samt ferðamenn vera að halda að sér höndum. Þeir eru margir hverjir að bíða og sjá hvað gerist í öllu þessu efnahagsfári í heiminum. Við finnum ekki fyrir auknum áhuga á ferðamönnum á Íslandi vegna gengi krónunnar því að við seljum allar okkar ferðir í evrum. Maður veit ekki hvort að fólk sé að bíða

eða sjá til hvernig málin þróast og hvort að þessi hópur sem við höfum verið að selja, sem er frekar efnuð fólk, haldi áfram að ferðast,“ segir Rúnar. Rúnar Óli segir að starfsmenn Borea adventures bíði spennir eftir því að skíðamyndin „The children of winter never grow old“ verði frumsýnd í Bandaríkjunum í lok þessa mánaðar. „Warren Miller gerði þessa mynd og má segja að hann sér stærsta nafnið í þessum bransa. Fyrirtæki hans framleiðir alltaf eina mynd á ári og

hún er sýnd í kvikmyndahúsum í Bandaríkjunum, Kanada, Ástralíu og Bretlandi. Það fara allir á þessa mynd sem hafa áhuga á skíðamennsku og það eru alltaf teknir nokkrir staðir fyrir í heiminum í hverri mynd. Þeir voru með okkur í tvær vikur í Jökulfjörðunum að skjóta myndina. Ég er búinn að spyrja þá að því hvort að þeir vilji ekki sýna myndina á Ísafirði og ég vonast til að hún verði sýnd hérna um páskana,“ segir Rúnar Óli.

– birgir@bb.is

Sveitarfélögin mega ekki draga saman seglin

Finnbogi Sveinbjörnsson, formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga, ráðleggur íbúum Vestfjarða að hugsa sig vel um ef þeir eru að huga að

búferlaflutningum vegna ótryggs atvinnuástands. „Í flestum sjávarþorpum á Vestfjörðum eru íbúar í framleiðslu sem er gjaldeyrisskapandi, sú atvinna

er mjög trygg. Ég hef talað við forsvarsmenn fyrirtækja sem eru í þeim atvinnugeira og þeir segja mér að ekki standi til að draga saman

seglin og ætla að atvinnuöryggi muni haldast þokkalegt svo lengi sem hráefnisöflun sé trygg, segir Finnbogi. Finnbogi segist hins vegar hafa

Byggðakvóti og línuívilnun verði lögð af

Smábátæigendur á Hornafirði hafa óskað eftir því að línuívilnun verði aflögð sem og byggðakvóti. Á aðalfundi Hrollaugs, félags smábátæigenda á Hornafirði var samþykkt ályktun þess efnis. Jafnframt benti fundurinn á að á undanförunum árum hafi trillusjómenn fjárfest í veiðiheimildum og á sama tíma og þeir séu að greiða af lánnum sínum, sé öðrum útgerðum réttar veiðiheimildir án endurgjalds.

„Slik mismunur er með öllu óviðunandi,“ segir í ályktun fundarins. Kristján Andri Guðjónsson, smábátasjómáður á Ísafirði, segir kaup og sölu veiðiheimilda hafi verið við líði löngu áður en línuívilnun og byggðakvóta hafi verið úthlutað.

„Ég get ekki fallist á þau rök frá Hrollaugi því menn voru löngu byrjaðir að greiða af lánnum veiðiheimilda sem þeir keyptu áður en línuívilnun og byggðakvóti kom til sög-

unnar. Við höfum barist fyrir því að allir þeir dagróðrabátar sem róa með línu fái línuívilnun, ég hefði talið þá baráttuleið betri fyrir Hrollaug til að auka jöfnuð í fiskveiðikerfinu,“ segir Kristján.

Kristján Andri telur byggðakvótann hafa komið smábátasjómáðurum vel en útfærsla á úthlutun hans mætti endurskoða. „Útfærsla hans er algjört rugl. Reglugerðum um úthlutun hans er breytt aftur á bak og áfram og þykir mér

rétt að úthlutunarreglur byggðakvótans verði gerðar skýrar, mér þykir þær frekar loðnar. Að mörgu leyti tel ég byggðakvótann hafa komið byggðarfélagum til góða, t.d. á Þingeyri, en einnig er hægt að benda á önnur byggðarfélag þar sem úthlutun hans hefur farið í algjörra vitleysu og hann valdið deilum innan þeirra,“ segir Kristján Andri Guðjónsson.

– birgir@bb.is



Finnbogi Sveinbjörnsson

mestar áhyggjur af því að ríki og sveitarfélög muni draga saman seglin hvað varðar framkvæmdir.

„Frá árinu 2002 hafa ríki og sveitarfélög komið hvað sterkast inn þegar hallað hefur á sjávarútveginn. Ég vona að stjórnendum sveitarfélaga og opinberir aðilar beri gæfu til að draga ekki of mikið saman seglin þannig að atvinnustig lækki ekki vegna þess að framkvæmdir minnka. Um leið og það gerist, hægir á hjólum atvinnulífsins og yrði það visasta leiðin til að sigla

þjóðarskútunni endanlega í strand. Ég vil sjá menn bretta upp ermarnar á Vestfjörðum og reyna að taka á þeim verkefnum sem setið hafa á haknum, þrátt fyrir að illa ári. Ég geri mér fulla grein fyrir því að það mun reynast erfitt vegna lausafjárstöðu en Samband íslenskra sveitarfélaga hefur skoðað ýmsar leiðir svo sveitarfélögin þurfi ekki að draga úr þjónustu. Sömu leiðis ber að fagna að SÍS hefur beitt sér fyrir því að sveitarfélögin þurfi ekki að hækka gjaldskrár sínar,“ segir Finnbogi.

Íslenskunám lykilatriði í samfélagsþátttöku innflytjenda

Mikilvægi íslenskunáms kom glögglega fram í niðurstöðum rannsóknar sem gerð var í þremur sveitarfélögum á síðastliðnu ári um þær breytingar sem eiga sér stað í samfélögum þar sem hlutfall innflytjenda af íbúafjölda er hærra en víðast hvar annarsstaðar. Sveitarfélögin sem um ræðir eru Ísafjarðarbær, Ölfus og Fjarðabyggð. Fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar voru kynntar á Hótel Ísafirði í síðustu viku. „Mikilvægi íslenskunáms var eitthvað sem allir rýnihóparnir sem tóku þátt voru sammála um. Túlkun er þó mjög mikilvæg þegar fólk er nýkomið til landsins til að kynna fyrir því réttindi og skyldur“, segir Unnur Dís Skaptadóttir, prófessor í mannfræði, ein þeirra er vann rannsóknina.

Við gerð rannsóknarinnar kom fram að skortur virðist vera á kennurum. „Flestir þeir sem hafa verið að kenna eru ekki fastráðnir og það vantar kennara sem hafa réttindi til



Frá fundinum þar sem fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar voru kynntar.

að kenna íslensku sem annað mál. Sömuleiðis virtist vera lítið framboð á túlkum og fram kom að trúnaður er stórt atriði og oft finnst fólki verra þegar það þekkir túlkinn þar sem um verið er að ræða persónulega hluti“, segir Unnur.

Þá segir Unnur að fram hafi komið að upplýsingaflæði til útlanda mætti vera betra.

„Það er oft erfitt að finna upplýsingar svo það myndi hjálpa mikið að ólíkir aðilar eins og t.d. verkalýðsfélög, sveitarfélög og fjölmenningssetur gætu starfað saman til að gera upplýsingarnar sem aðgengilegar, til að mynda með því að setja þær á heimasíður sínar.“

Niðurstöður rannsóknar-

innar voru mjög svipaðar eftir stöðum en þó kom fram að mismunur er oftast en ekki óbein og að Íslendingar gerast oft sekir um fordóma í orðum sínum en telja sig á sama tíma ekki vera fordómafulla. „Það virtist vera minna um það hér vestra en á hinum stöðunum en óvíst er hvort það stafi af því að meira hefur verið unnið

með þessi mál hér.“ Einnig kom fram að mesta svartsýni ríkti á Vestfjörðum af stöðunum þremur en almennt voru meiri væntingar til atvinnu á Ölfusi og í Fjarðabyggð.

Fundurinn var vel sóttur og að sögn Unnar komu fram mjög athyglisverðar athugasemdir og umræður. „Það er mjög gott fyrir okkur að fá við-

brögð þeirra sem hlýða á fyrstu niðurstöðurnar en það mun gagnast okkur við gerð loka-skýrslunnar.“ Rannsóknin var unnin í samstarfi við Fjölmenningssetrið og er eitt af þeim verkefnum sem unnin voru í tengslum við Ár jafnra tækifæra. Rannsóknin var styrkt af Evrópusambandinu og félags- og tryggingamálaráðuneytinu.

„Tækifærin til uppstokkunar á kvótakerfinu aldrei betri“

Kristinn H. Gunnarsson, varaþingfloksformaður Frjálslynda flokksins, telur tækifæri til uppstokkunar á fiskveiðistjórnunarkerfinu aldrei betri en nú eftir að bankarnir komust í eigu ríkisins. „Við eigum að nýta okkur þetta tækifæri til að gera þær breytingar á kerfinu sem nauðsynlegar eru til að mæta sjónarmiðum mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna. Veiðiheimildum verði úthlutað eftir almennum reglum sem gefi ekki mönnum forgjöf miðað við veiðireynslu fyrri tíma, það er meginvandi kerfisins. Semja þarf reglur um viðskipti með veiðiheimildir þannig að þær falli að eðlilegum sjónarmiðum um viðskipti almennt. Gæta þarf tryggja stöðu sjávarbyggðanna varðandi forræði yfir veiðiheimildum. Því lengur sem menn draga þessar breytingar því verra verður verkefnið þegar að því kemur. Því er ekki eftir neinu að bíða en að hefjast handa“, segir Kristinn H.

„Þessi breyting hefði ekki í för með sér slæm áhrif á fiskistofna til framtíðar, heldur hefði hún jákvæð áhrif á



Kristinn H. Gunnarsson telur tækifæri til uppstokkunar á fiskveiðistjórnunarkerfinu aldrei betri en nú eftir að bankarnir komust í eigu ríkisins.

byggðarlögin. Til þess að bæta fiskistofna þarf að huga að veiðafærastýringu og ég tel að draga þurfi verulega úr notkun á botntrolli. Neikvæð

áhrif þeirrar veiðiaðferðar eru gífurleg á lífríki sjávar og fiskistofna“, segir Kristinn H. Einar K. Guðfinnsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráð-

herra, telur það arfavitlausa hugmynd að stokka upp fiskveiðistjórnunarkerfið, þó að það sé veðsett í bönkum sem eru komnir í eign þjóðarinnar.

Einar Kristinn segir þá hugmynd bæta gráu ofan á svart til viðbótar þeim vanda sem glímt er við í fjármálum þjóðarinnar ef setja á sjávarút-

vegin í uppnám þegar vítað er að hann gegni meira hlutverki í Íslandi framtíðar en hann hefur gert undanfarið.

– birgir@bb.is

Það er líka mikilvægt að kenna fólki að reyna að vera dálít-
ið víðsýnt – að skoða lífið í öllum sínum margbreytileika.
Að vera ekki eingöngu á fræðilegu nótunum, ekki eingöngu
því tekníska. Söngurinn er svo nálægt hjartanu að maður
má ekki vera feiminn við að sýna tilfinningar.

Ég hef alltaf þurft að syng

Ingunn Ósk Sturludóttir var búsett í Vigur á Ísafjarðardjúpi hátt í áratug en fluttist í land – ef svo má að orði komast – fyrir nokkrum árum ásamt fjölskyldu sinni, eiginmanni sínum Birni Baldurssyni úr Vigur og börnum þeirra tveimur. Þau settust að í fallegu gömlu timburhúsi við Tangagötuna á Ísafirði og búa þar enn. Ekki verður annað sagt en leiðir fólks í lífinu séu stundum sérstæðar, örlögin órannsakanleg, forlögin óræð. Ingunn átti að baki langt söngnám bæði hérlendis og síðan erlendis. Hún lauk því á sínum tíma með þrýði, fékk hina bestu dóma og leiðin framundan á þeim vettvangi sýndist bein. En ...

Ingunn kynntist Birni Baldurssyni, sem þá var annar af ungu bændunum í Vigur. „Ég varð ástfangin og er enn“, segir hún, og kveðst alltaf hafa verið sátt við þessa kúvendingu á lífsleiðinni. „Björn er svo sætur og skemmtilegur.“ Einfalt mál. Aðstæður Ingunnar og Björns í uppvextinum hefðu í raun varla getað verið ólíkari. „Ég er borgarbarn í húð og hár en hann er alinn upp í lítilli eyju. Mér finnst stundum að Björn átti sig ekki á því sjálfur hvað hann ólst upp við sérstakar aðstæður, að minnsta kosti frá mínum sjónarhóli séð. Hann hefur til dæmis sagt mér frá því þegar hann þurfti að biðja pabba sinn að setja ljósavélina í gang svo að hann gæti horft á Stundina okkar. Þetta finnst borgarbarni skrítið. Mér finnst magnað að heyra hann segja frá uppvaxtarárum sínum. Hugsun hans og tenging við sögu og náttúru Vigur er ótrúlega sterk. Hjarta hans slær í takt við eyjuna hans.“

Þau höfðu reyndar hist löngu löngu fyrr þó að Björn muni vist ekkert eftir því. „Ég hef stundum sagt að hann hafi beðið mín þegar hann var þriggja ára“, segir Ingunn. Móðir hennar, Solveig Thorarensen, er systir Þorsteins Thorarensens rithöfundar og bókaútgefanda (Fjölvi), en kona Þorsteins er Sigurlaug Bjarnadóttir fyrrum alþingismaður frá Vigur, föðursystir Björns.

„Pabbi minn og Þorsteinn voru miklir félagar og hann stofnaði bókaútgáfuna með Þorsteini. Það var því oft minnst á Vigur í fjölskyldunni í æsku minni enda tengslin náin. Auk þess var ég svo lánsöm að fá að fara vestur og vera „í sveit“ í Vigur í vikutíma þegar ég var tíu ára gömul. Björn er sjö árum yngri en ég og hefur því

verið þriggja ára þegar þetta var. Að vísu man ég það ekki sérstaklega en mér þykir líklegt að ég hafi eitthvað verið látin passa litla strákin. Ég segi þess vegna stundum í gríni, að hann hafi þá strax beðið mig að giftast sér. Það er til mynd af okkur saman frá þessum tíma.“

Myndin af þingmönnum

Þær eru ýmsar myndirnar í eygni Vigur á Ísafjarðardjúpi. Þar hefur verið á vegg lengur en elstu menn muna ljósmynd af nokkrum íslenskum þingmönnum, sem tekin var í ferð þeirra til Danmerkur fyrir liðlega hundrað árum. Á myndinni eru meðal annarra þingmennirnir séra Sigurður Stefánsson í Vigur, langafi Björns

Baldurssonar, Eggert Pálsson prófastur á Breiðabólstað í Fljótshlíð, langafi Ingunnar, og Jóhannes Ólafsson á Þingeyri, langalangafi Guðfinnu M. Hreiðarsdóttur, vinkonu Ingunnar á Ísafirði. „Okkur finnst þetta dálítið skemmtilegt“, segir hún.

Fram kom hér áðan að móðir Ingunnar heitir Solveig Thorarensen. Ingunn Ósk er fimmti ættliður frá Vigfúsi Þórarinssyni sýslumanni á Hlíðarenda í Fljótshlíð, ættföður Thorarensen-ættarinnar, og Steinunni eiginkonu hans, sem var dóttir Bjarna Pálssonar náttúrufræðings (Ferðabók Eggerts og Bjarna) og fyrsta landlæknis Íslendinga. Afi Steinunnar Bjarnadóttur í móðurætt var Skúli Magnússon landfógeti, sem nefndur hefur verið faðir Reykjavíkur.

Ein er nafnan æðifin ...

„Ingunn Eggertsdóttir Thorarensen amma mín var mikil listakona og málaði vel, skar út, gerði óskaplega fallega handavinnu og var mikið og gott skáld. Ég var hænd að ömmu minni, ber nafn hennar og mér þótti óskaplega vænt um hana. Það var hún sem réði því að ég er kölluð Ninna en ekki Inga eins og hún. Hún hafði verið kölluð Ninna í æsku en Inga festist síðar við hana en henni þótti alltaf vænt um Ninnunafnið. Hún samdi litlar stökur um öll barnabörnin sín. Mín er svona:

*Ein er nafnan æðifin,
á sér bumba netta,
mjúka kinn sem mássulín
og munni sem er að detta.*

Ingunn amma mín var ákaflega litillát og lítið fyrir að láta á sér bera, en skarpgreind og lifandi í hugsun. Einhverju sinni var ég hjá henni og lítill frændi minn líka, sem spurði: Amma, áttu engan mann? Amma svaraði með viðkvæmni í röddinni: Nei, hann er dáinn. Þá spurði drengurinn: Hver drap hann? Þá hélt ég að amma myndi sjálf deyja úr hlátri. Hún hló inn í sig og tók djúp sog á milli. Þetta er nú kannski ekki beint dæmi um andagift hennar en henni fannst þetta óskaplega hlægilegt.“

Einhver lína lögð

Í föðurættina er Ingunn Ósk af hinni kunnu Laxamýrarætt í Suður-Þingeyjarsýslu. Sturla Eiríksson faðir hennar er dóttursonur Jóhannesar Baldvins Sigurjónssonar, sem var bróðir Jóhanns Sigurjónssonar skálds. Jóhannes var bóndi á Laxamýri ásamt bróður sínum. Dóttir Jóhannesar og ömmusystir Ingunnar var Lín-ey Jóhannesdóttir rithöfundur. Þorgeir Þorgeirsson rithöfundur færði æskuminningar hennar í letur á sínum tíma (Það er eitthvað sem enginn veit. Endurminningar Lín-eyar Jóhannesdóttur frá Laxamýri. Íðunn 1975).

„Ég las bókina eftir að við fluttum inn í Vigur“, segir Ingunn. „Það var svo margt líkt. Tveir bræður sem bjuggu á Laxamýri, rétt eins og í Vigur. Æðarvarpið. Margt fleira sviplíkt. Mér fannst þetta svo merkilegt. Við Lín-ey frænka mín ræddum síðan margt um þessa hluti. Ég hef stundum hugsað um örlög manns í lífinu, æviveginn – alveg eins og það sé lögð einhver lína.“

– Mamma þín söng hér áður fyrr ...

„Hún söng víða þegar hún var ung og þar á meðal með Tónasystrum. Síðan fór hún í hefðbundið klassískt söngnám þegar hún var komin hátt á þrítugsaldur, einmitt þegar hún gekk með mig. Ætli þetta hafi ekki bara síast inn! Það hefur alltaf verið mikið sungið á mínu heimili. Móðir mín hafði óskaplega fallega rödd sem hún heldur enn í dag, hreinlega ungumeyjarrödd þó að hún sé orðin 75 ára gömul. Hún hafði mikil áhrif á mig varðandi sönginn en ýtti þessu samt aldrei að mér.“

Vendipunktur

– Hvenær áttaðirðu þig á því að hefðir sönghæfileika? Margir átta sig ekki á slíku fyrr en seint og um síðir og sumir væntanlega aldrei ...

„Ég áttaði mig í rauninni ekkert á því að ég hefði neina sérstaka hæfileika. Ég hafði samt alltaf gaman af því að syngja. Hins vegar man ég

alveg eftir stund sem hafði úrslitabýðingu fyrir mig. For-eldrar mínir fóru alltaf á tónleika í Tónlistarfélaginu og líka var mikið hlustað á músik heima, bæði jass og klassík.

Einhvern tíma voru pabbi og mamma að fara á tónleika og keyptu aukamiða fyrir systur hennar mömmu og ætluðu að bjóða henni með en hún forfallaðist. Þetta voru tónleikar hjá Sigríði Ellu Magnúsdóttur og mamma eiginlega neyddi mig til að koma með. Ég var unglingur, líklega um fimmtán ára gömul, og mér fannst það *mjög* hallærislegt að fara á söngtónleika með foreldrum mínum. En þarna opnaðist í mér einhver tilfinningaæð og ég nánast grét alla tónleikana.

Þetta var mjög sterk og mikil reynsla. Þá fór ég að leiða hugann að söngnum og eiginlega ákvað að ég ætlaði að feta þessa braut. Seinna meir þegar ég var nokkurn veginn búin með námið í Söngskólanum í Reykjavík, þá hjálpaði Sigríður Ella mér að útvega mér kennara í London. Hún hefur reynst mér mikill vinur og við höldum ennþá mjög góðu sambandi.

Þegar ég var í London var ég mikið hjá Sigríði Ellu og Símoni manni hennar. Þau voru mér afskaplega góð. Sigríður er eiginlega minn mentor og hvetur mig reglulega enn í dag til dáða hvað sönginn varðar. Árið 2000 bauð hún mér að koma til sín til að hvíla mig og komast í nýtt umhverfi. Þessi tími var mér mjög erfiður því að Snjólaug systir mín og vinkona dó snemma þetta ár og svo eignaðist ég Snjólaugu mína í júní. Ég var langt niðri og þáði boð Sigríðar Ellu með þökkum. Þegar ég kom inn í stofuna hennar sá ég þar í öndvegi mynd eftir Jóhannes Geir, sem þau Símon höfðu fengið í brúðkaupsgjöf. Ég sá strax að myndefnið var úr Vigur og þótti það stórmærilegt. Svona geta tilviljanirnar verið. Sigríður skýrði það þannig að við værum tengdar sterkum böndum.“

Undirbúningur fyrir hjónaband

„Sigríður Ella gerði það stundum í gamni að spá í spil en tók fram að þetta væri nú bara til gamans gert. Einhverju sinni við slíkt tækifæri meðan ég var í náminu í London sagði hún að ég myndi festa ráð mitt fremur seint og að maðurinn minn ynni við sérstakar aðstæður og mikið væri af fugli í kringum hann. Hann er örugglega fuglafræðingur, sagði hún.

Ög það var eins og við manninn mælt, ég fór að fylgjast vel með öllum fræðslumyndum um fugla til að vera nú vel undir hjónabandið búin! Það var svo næstum áratug síðar sem ég hitti Björn og ekki er hægt að þræta fyrir að hann vann við sérstakar aðstæður og auðvitað var hann umkringdur fuglum. Þetta ásamt myndinni góðu í stofunni hennar Sigríðar flokka ég undir yfírnáttúrulegheit.“

Hvað skiptir máli?

– Þversögnin stóra, að stunda langskólanám og eiga örugga framtíð á þeirri braut og setjast svo að í eyju norður í Ísafjarðardjúpi ...

„Já, þetta er vissulega þrælmerkilegt. Auðvitað var alltaf á stefnuskránni hjá mér að verða starfandi söngvari, ég var ekki bara að leika mér. Ég var búin að fá umboðsmann úti í Þýskalandi en einhvern veginn var eitthvað innra með mér, ekki síst þegar ég var að ferðast og syngja fyrir þessa kalla úti í Þýskalandi, sem sagði mér að þetta væri ekki alveg það sem ég vildi – að starfa ein einhvers staðar úti í heimi, langt frá öllum sem mér þótti vænt um. Ég átti ekki maka á þeim tíma og mér fannst þetta eitthvað ógnvekjandi – sú tilfinning vaknaði hvort þetta væri í raun og veru nokkuð eftirsóknarvert. Efinn fór að naga mig svolítið. Spurningin í lífinu er alltaf hvað það er sem skiptir máli.

Auðvitað skiptir það máli að rækta hæfileika sína. En það sem máli skiptir fyrst og síðast er fólkið manns, finnst mér einhvern veginn, og að eignast sína eigin fjölskyldu og rækta hana. Svona listnámi fylgir óhjákvæmilega mikil

ngja



Eftir æfingar var jafnan farið á pöbb, svona til að ná sér niður. Svo rammt kvað að þessu um tíma, að Þuríður Pálsdóttir kennari minn sagði einhverju sinni við mig: Ingunn mín, ef þú ætlar að koma svona slöpp til mín í tíma, þá verðurðu bara að læra að syngja timbruð.

naflaskoðun. Það vakna ýmsar tilfinningar sem eru kannski ekkert endilega að þvælast fyrir fólki almennt. Þetta er harður heimur. Já, þversögnin að fara út í Vigur – ég er nú bara þannig gerð, að ég er óskaplega hvatvís manneskja og hugsá málin yfirleitt ekkert að ráði áður en ég framkvæmi. Það er bæði kostur og galli.

Í þessu tilvikri reyndist það vera kostur. Ég hitti þennan mann og þá fann ég hinn helm-inginn af sjálfri mér. Þó að við séum um margt ólík. Eða kannski þess vegna. Stundum er það einmitt betra. En auðvitað er þetta dálítið sérkennilegt. Ég áttaði mig kannski ekki alveg á þeirri stöðu sem ég var að koma mér í. En mér farnaðist ágætlega í Vigur. Ég dett inn í allar aðstæður og öll störf eins og ég hafi aldrei gert neitt annað. Eiginleiki kamelljónsins í mér.“

Lærði til leigubíls

Varðandi þversagnir og þann eiginleika Ingunnar að framkvæma strax það sem henni dettur í hug segir hún eftirfarandi sögu:

„Þegar ég var tvítug fékk ég þá dillu í höfuðið að taka

meirapróf. Ég hafði unnið nokkur sumur sem símadama á BSR og fannst alveg tilvalið að læra til leigubíls, sem ég og gerði, og fékk það meira að segja metið til stúdentsprófs, og keyrði svo leigubíl um tíma. Ég var með fyrstu konunum sem óku leigubílum í Reykjavík.

Síðar meir átti þetta eftir að vekja mikla athygli hjá koll-egum mínum í Hollandi og svo keyrði alveg um þverbak hjá þeim þegar ég gerðist unun af því að kynna mig fyrir fólki og segja með andakt: Þetta er vinkona mín Ninna frá Íslandi, hún er besta söngkona sem ég þekki, hún er vörubilstjóri, bóndi í lítilli eyju og bakar fjörutíu kökur á dag.“

Ánetjaðist söngnum

Ingunn Ósk lauk á sínum tíma stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Hamrahlíð. Hún byrjaði í Menntaskólanum í Reykjavík, fór síðan eitt ár út til Þýskalands að vinna, var þar au-pair hjá íslensku fólki, en gekk í MH þegar hún kom aftur.

„Ég fór í Söngskólann eftir stúdentsprófi meðfram vinnu, ætlaði bara að prófa þetta aðeins og athuga hvort ég gæti eitthvað. Ég var alltaf mjög feimin og hafði svo sem ekki mikla trú á sjálfri mér. En síðan leiddi eitt af öðru. Ég einhvern veginn ánetjaðist söngnum og í rauninni öllu í kringum hann. Ég man að ég las viðtal við fræga söngkonu, Victoríu de los Angeles, sem var spænsk mezzósópran-söngkona og var dálítið goð hjá mér. Hún sagði að söngurinn sjálfur skipti ekki öllu máli heldur væri mikilvægt að söngvarar menntuðu sig líka á annan hátt, læsu mikið bókmenntir og sérstaklega nefndi hún ljóð. Ég gerði mér far um þetta og reyndi að verða vel lesin. Í mínum huga er enginn vafi að það skiptir miklu máli fyrir söngvara.“

Tíminn í Söngskólanum

Meðan Ingunn var við nám í Söngskólanum í Reykjavík vann hún lengi í Íslensku óperunni. Þar vann hún á skrifstofunni, söng í Kór óperunnar og var aðstoðarsýningarstjóri í einni sýningunni.

„Þetta var feykiskemmtilegur tími og mörg upptökoman. Ég get nefnt eftirminnilegt upplapp frá frumsýningu Aidu sem var geysifjöldmenn sýning. Þar var ég ein af átta hirðmeyjum Amnerisar sem sungin var listilega af Sigríði Ellu. Kórfólk beidi í búningsherbergjum seinni hluta sýningar og oft var svo kalt að við þurftum að klæða okkur yfir klæðlítinn búninginn til að halda á okkur hita. Sýningarstjóri kallar síðan: Kórfólk, tilbúin í framkall! Allir stökkva á fætur og gera sig klára, við hirðmeyjar stökkvum á svið dökkar á brún á brá, stoltar og ánægðar eftir velheppnaða sýningu, tókum salinn brosaandi inn og hneigjum okkur djúpt – og þá rek ég augun í forláta litríkar lopahosur sem ég var í og náðu upp á mið læri. Það var ekkert annað að gera en halda andlitinu, en ég held svei mér að í frumsýningarpartiinu hafi verið skálað oftast fyrir þessum lopasokkum mínum heldur en fyrir sjálfum Verdi.

Þessi tími í Söngskólanum og óperunni einkenndist af mikilli gleði og teitum. Auðvitað var maður í námi en stundum þegar æfingar í óperunni voru sem þéttastar vildi nú námið mæta afgangi. Eftir æfingar var jafnan farið á pöbb, svona til að ná sér niður. Svo rammt kvað að þessu um tíma, að Þuríður Pálsdóttir kennari minn sagði einhverju sinni við mig: Ingunn mín, ef þú ætlar að koma svona slöpp til mín í tíma, þá verðurðu bara að læra að syngja timbruð. Ég tók mig á. Þuríður var frábær kennari.“

Ingunn lauk 8. stigs prófi frá Söngskólanum í Reykjavík árið 1987 og fór í beinu framhaldi af því utan til frekara náms. „Fyrst fór ég til London þar sem ég var í einkanámi. Kom heim að tveimur árum liðnum og ætlaði að láta þar staðar numið. Samt langaði mig alltaf að verða söngvari því að ég fann að þetta veitti mér einhverja fullnægju, fann að þetta var eitthvað sem ég gat tjáð mig með.“

Fjölhæf og metnaðarfull söngkona ...

Eftir að Ingunn kom heim frá London vorið 1989 hélt hún debut-tónleika í Norræna húsinu og fékk frábæra dóma. Skrifari þessa viðtals hafði fyrir forvitni sakir uppi á

tónlistardómi sem gamall kunningi hans Sigurður Þór Guðjónsson skrifaði í DV um þessa tónleika. Sigurður var tónlistargagnrýnandi á ýmsum fjölmiðlum um langt árabíll og þekktur að því að fara oft ómjúkum höndum um tónlistarfólk og frammistöðu þess.

Ítarleg umfjöllun Sigurðar, þar sem hann tekur verkin á efnisskránni fyrir hvert af öðru og segir kost og löst á flutningi hvers um sig, hefst á þessum orðum: *Sunnudaginn 10. júní 1989 héldu tvær ungar konur tónleika í Norræna húsinu. Það voru Ingunn Ósk Sturludóttir messósópran og Dagný Björgvinsdóttir píanóleikari. Var þetta frumraun songkonunnar. Og verður að segjast eins og er, að hún tókst yfirleitt ágætlega. Og lokaorð hins miskunnarlausu gagnrýnanda eru þessi: Tónleikarnir í heild vitnuðu um fjölhæfa og metnaðarfulla söngkonu sem virkilega verður spennandi að fylgjast með í framtíðinni.*

Þegar Ingunn er minnt á þessi skrif Sigurðar, þá segir hún: „Ég hef yfirleitt fengið frábærlega fína dóma þegar ég hef sungið. Það var mjög gott fyrir mig að fá svona viðtökur. En – samt voru alltaf

einhverjar efasemdir innra með mér.“

Hvað ertu að gera þarna?

Svo var það að í einhverju partíi þarna um sumarið sem ég hitti pianista sem heitir Þór-hildur Björnsdóttir – systir Jóns Björnssonar hérna á Ísafirði – og við fórum að syngja saman. Og hún segir: Þú bara *verður* að koma út til Amsterdam og fara í skólann þar og fara í óperudeildina, þú ert með svo frábæra rödd, þú bara drífur þig. Þá var inntöku í skólann að visu lokið en ég dreif mig út um haustið og var tekin inn í óperudeildina.

Þetta gerðist allt einn tveir og þrír. Dálítið tilviljanakennt. Eins og svo oft í lífi mínu – bara kýla á hlutina án þess í rauninni að hugsa.

Tíminn í Amsterdam var alveg frábær og ég lærði óskaplega margt, ekki bara sönginn og tónfræðina heldur var ég líka í leiklist og jóga og skylmingum og málanámi. En ekki sist kynntist ég mörgu tónlistarfólki, bæði erlendu og íslensku, sem er starfandi í dag. Þetta var óskaplega góður hópur sem auðgaði mig enn frekar og opnaði hugann enn meira fyrir þessum heimi. Sem dæmi má nefna að við Bryndís Halla Gylfadóttir bjuggum saman um tíma.

Það er þetta fólk sem segir alltaf: Hvað ertu eiginlega að gera þarna fyrir vestan? Af hverju ertu ekki í hringiðunni? En þetta er bara spurningin um það hvað fólk velur sér í lífinu.“

Sweelinck og steinselja

Næstu árin var Ingunn í Sweelinck-skólanum fræga í Amsterdam. „Mér leið óskaplega vel í Amsterdam, að sama skapi og mér leið illa í London. Auðvitað er London frábær borg en ég var óskaplega einmana því að ég var ekki í skóla heldur einkanámi. Þetta var þyngsti og erfiðasti tíminn

í lífi mínu. Ef Sigríður Ella hefði ekki verið þarna úti líka hefði ég sennilega gefist upp. Amsterdam er minni borg, vinalæg og indæl, og einhvern veginn viðráðanlegri en London. Þar var líka þetta þétta net bæði Íslendinga og annarra sem héldu utan um mann.“

Sitthvað ber við á langri leið sem getur verið óskaplega óþægilegt og neyðarlegt í svip en verður fyndið þegar frá líður.

„Í Hollandi hafði ég tekið þátt í masterclassa hjá Rudolf Jansen, sem er frægur píanóleikari og hefur starfað mikið með klassasöngvurum, meðal annars hollensku sópransöngkonunni Elly Ameling. Þetta var ákaflega skemmtilegt og lærdómsríkt fyrir mig.

Stuttu síðar hitti ég hann á tónleikum í Concertgebouw og var upp með mér þegar þessi flínki og frægi pianisti tók vesalings mig tali. Auðvitað beitti ég öllum mínum sjarma og töfrum, brosti blött, hló heillandi og þóttist heimsdama hin mesta. Bregð mér síðan örstutt á privatið, ennþá brosandí, og tek þá eftir að milli framtannana er nánast heilt knippi af steinseljú, afgangi af kvöldverðinum. Mér sortnaði fyrir augum og man ekki enn hver söng á þessum tónleikum, en það hlýtur að hafa verið einhver frægur.“

Eftir nokkurra ára nám lauk Ingunn lokaprófi frá ljóða- og óperudeild Sweelinck. Hún kom síðan víða fram og hélt fjölda tónleika, eins og glöggt má sjá þegar leitað er að nafni hennar í Morgunblaðinu á Netinu hjá Landsbókasafni á þessum árum. En þess var ekki langt að biða að örlögin gripu í taumana og leiddu hana vestur í eyna grænu á Ísafjarðardjúpi, þar sem tíminn hefur staðið kjur frá ómunatið.

Karakterinn, tilfinningarnar ...

Við undirbúning þessa viðtals lét kona sem þekkir Ingunni náði þessi orð fálra við skrifarann: *Hún hefur stórt*

hjarta, má ekkert aumt sjá, á auðvelt með að setja sig í spor annarra.

Ingunn segist halda að nokkuð sé kannski til í þessu. „Það er nú bara þetta sammannlega sem býr í okkur öllum, en ég held að þessi æð sé dálítið vel opin hjá mér og hafi stundum orðið mér til vandræða. Ég á stundum svolítið bágt með mig. Já, ég held ég geti alveg tekið undir þetta. Nema hvort ég hafi stórt hjarta, það veit ég ekki. En tilfinningarnar hafa oft verið að flækjast fyrir mér. Samt ekki þannig að þær hlaupi með mig í gönur!“

– Listamannseðlið?

„Kannski. Já, ætli það ekki bara! Ég á líka kyn til þess. Báðir foreldrar mínir eru svona. Pabbi er mjög tilfinningarikur maður. Ég ólst upp við það að hann grét á stundum gleði og sorgar. Það er kannski ekki svo algengt með karlmenn af hans kynslóð. Þeir eru oft dálítið lokaðir. Ég ólst upp við miklar tilfinningar og kannski skiptir það máli varðandi það hvernig ég er, ég veit það ekki.“

Býr manni sínum ljótt heimili

– Þú hefur sagt að þú hafir búið manni þínum ljótt heimili...

„Ég las minningargrein um Brieti Hédinsdóttur leikkonu sem Guðrún Ásmundsdóttir skrifaði. Guðrún hafði lofað Brieti því að skrifa ekki um sig væmna og leiðinlega minningargrein. Guðrún sagði að hún hefði lofað þessu og Briet hefði þá sagt: Skrifaðu bara *Hún bjó manni sínum ljótt heimili*.

Þetta hef ég síðan sagt um sjálfa mig þegar mér hefur fundist heldur draslaralegt hjá mér. Þetta er nú bara grín. Mér fannst þetta svo fyndið hjá Brieti. Ég kynntist henni líka þegar ég vann með henni í Íslensku óperunni.“

Björn er akkerið

– Þú hefur séð heimana tvenna, búið í heimum tvennum, lifað fjölbreyttu lífi ...

„Já, en rauði þráðurinn er sá að ég hef alltaf gert mér far um að hafa lífið svolítið skemmtilegt og spennandi. Í rauninni er dálítið eirðarleysi í mér og ég hef aldrei staðið mjög lengi við á hverjum stað. Það má segja að Björn hafi kannski haldið í mig hvað þetta varðar. Það er eitt af því góða við Björn minn, að hann heldur mér dálítið niðri á jörðinni.

Ég hef sannarlega lifað frekar skemmtilegu lífi, ég get nú ekki sagt annað. Ég hef líka alltaf gert mér far um að sjá skemmtilegu og spaugilegu hliðarnar á málunum. Þó að ég geti nú líka verið dálítið dramatísk – ég er það nú í eðli mínu, svo ég segi alveg eins og er!“

Söngurinn nálægt hjartanu

Ingunn kennir söng við Tónlistarskólann á Ísafirði. „Síðan held ég mér alltaf við sjálf. Ég lít alltaf á mig sem söngkonu og hluti af því er að kenna. Varðandi kennsluna, þá er ég vissulega að kenna fólki að beita röddinni rétt og allt það, en það er líka mikilvægt að kenna fólki að reyna að vera dálítið viðsýnt, eins og ég las í viðtalinu við Victoríu de los Angeles – að skoða lifið í öllum sínum margbreytileika. Að vera ekki eingöngu á fræðilegu nótunum í kennslunni, ekki eingöngu því tekníska. Söngurinn er svo nálægt hjartanu að maður má ekki vera feiminn við að sýna tilfinningar.

Lika er ég að innprenta nemendum mínum að vera ekki hræddir við hvað aðrir segja. Fólk er oft svo hrætt við dóm annarra. Þú verður bara að gera þitt besta og það sem aðrir segja er gleymt á morgun. Ef þér mistekst í dag, þá gengur þér bara betur á morgun. Sagt hefur verið að umtal sé gelt fremur en bit, dægradvöl fremur en dómur.



Það er ekkert langt síðan ég gerði mér almennilega grein fyrir þessu.“

Alltaf þurft að syngja

Enda þótt það sé ekki í atvinnuskyni heldur Ingunn tónleika eða kemur fram með öðrum hætti annað slagið. Undirritaður minnst þess vel þegar hún fór af glæsibrag með eitt hlutverkanna í Söngvaseið (Sound of Music) á Ísafirði fyrir nokkrum árum.

„Við Guðrún Anna Tómasdóttir píanóleikari – systir Jónasar Tómassonar tónskálds hér á Ísafirði – kynntumst úti í Amsterdam og höfum unnið

mikið saman. Fyrir tveimur árum héldum við tónleika hér á Ísafirði og þrenna tónleika úti í Hollandi. Við fórum til Kanada og héldum tónleika í Winnipeg og á Gimli. Við ætlum að halda áfram að vinna saman og halda tónleika víðar. Ég söng með Sinfóníuhljóm sveit Íslands í vetur. Það var óskaplega skemmtilegt og uppörvandi fyrir mig að fá svo frábærar viðtökur.“

Lokaorð Ingunnar í spjalli okkar eru ekki flókin: „Ég hef alltaf þurft að syngja. Alltaf þurft að syngja – vegna þess að ég get tjáð mig í söng.“

– Hlynur Þór Magnússon.

■ STAKKUR SKRIFAR

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í *Bæjarins besta* í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum *Stakks* á meðan hann notar dulnefni sitt.

Vinir – Friends – Bretar – Bandaríkjamenn?

Sjónvarpsþátturinn Friends hefur notið mikilla vinsælda hjá mörgum á Íslandi. Það er víst gott að skemmta sér yfir litlu í þeim ægilegu efnahagslegu þrengingum sem nú ganga yfir Ísland. Forystumenn þjóðarinnar keppast við að smækka í augum almennings, veruleikann sem við blasir. Þeir hafa ákveðið að upplýsa í smáskömmtum það sem er verið að gera og halda greinilega að það muni draga úr sársaukanum. Það er rangt. Það vekur spurningar hvernig á því stendur að hlaupið er til og sópað upp eftir Landsbankann í Bretlandi og Hollandi, án þess að upplýst sé hvers vegna það eigi að gera. Er að gert undir hötunum vína okkar í breska konungsdæminu og hollenska konungdæminu?

Vissulega er það rétt að margir munu ekki eiga marga aðra skemmtan framundan en þá að horfa á gamla þætti með Friends og leiða um leið hugann að því hverjir séu vinir Íslendinga í raun. Er það Bretar sem leyfa sér í krafti stærðarinnar að niðast á heilli þjóð vegna þeirra manna sem á þjóðveldisöld hefðu verið kallaðir óbótamenn? Skilningurinn var sá að verk þeirra gerðu það að verkum að þeir yrðu ekki bættir þótt aðrir ættu bætur skilið á Alþingi hinu forna. Alþingi hið nýja lætur ekki slíkt standa í sér. Þeir skulu bættir. Bretar og Hollendingar fá bætur og skattþegnar á Íslandi skulu borga bæturnar.

Eru vinir okkar Bandaríkjamenn er telja sig engar skyldur bera gagnvart

Íslandi?

Erfitt er að svara þessari spurningu. Þar átti yfirstandandi heimskreppa rætur sínar. Ódýr ótryggð húsnæðislán settu allt af stað. Bandaríkin gáfu Íslendingum langt nef og lokuðu flotastöðinni á Keflavíkurflugvelli í skyndingu. Kannski hafa íslensk stjórnvöld ekki séð teikn á himni þótt þau hafi verið skýr, að Ísland og Íslendingar teldust ekki verðugir bandamenn stórveldisins.

Ekki verður í fljót bragði greint að þessi ríki, annað fyrrum stórveldi og hitt siglir hraðbyri í kjölfarið, séu Íslandi og Íslendingum vinveitt nú um stundir þótt þau hafi haft hér her gráan fyrir járnnum þegar þeim hentaði meira og minna frá 1940 og framundir okkar tíma. Er það kannski Rússar sem munu reynast vinir okkar í raun og munu þeir þá biðja um greiða á móti greiða, tonn á móti tonni eins og sagt er á sjómannamáli?

Við eigum ekki skjól hjá þeim ríkjum sem nú hunsa okkur eða krefjast greiðslu mikilla fjármuna. Við eigum vonandi skjól og vinarþel á Norðurlöndum, sem hafa kosið að bjóða aðstoð líkt og Norðmenn gera með sendinefnd sinni. Þjóðin á minna skjól hjá „vinum“ á Vesturlöndum, en fjárins óbótmenn sýnast eiga hjá ríkisstjórn og Alþingi nú. Við höfum reynst okkar verstu óvinir sjálfir. Ríkisstjórn og Alþingi, ásamt Seðlabanka og fjármálaeftirliti hafa ekki hlustað, ekki séð teiknin á lofti þótt þeim hafi verið á þau bent.

Eru Friends í sjónvarpsþáttunum einu vinir okkar í kreppunni?



Baldur Trausti Hreinsson.

„Aðallega til að hafa gaman af“

Lið Ísafjarðarbæjar etur kappi við lið Grindvíkinga í spurningakeppni sveitarfélaganna í sjónvarpsþættinum Útsvari. Liðin mætast í 11. þætti keppinnar sem fer fram seinnipartinn í nóvember. Aðspurður segir Baldur Trausti Hreinsson leikari og liðsmaður Ísafjarðarbæjar engan sérstakan undirbúning vera hafinn hjá sér fyrir keppnina. „Það er nógur tími og það má ekki setja pressu á mig því þá verð ég lélegur. Ég fylgist samt vel með liðandi stundu, krepputali bæði erlendis og innanlands.“ Með Baldri í liði er aðstoðarskólameistarin og líffræðingurinn Hildur Halldórsdóttir og tónskáldið Jónas Tómasson. Baldur segir keppnina leggjast vel í sig. „Er þetta ekki aðallega til að hafa gaman af? Ég er mjög góður í appelsínugulu og bleiku spurningunum og ágætur í bláu. Ég býst við að hin tvö taki grænu og

brúnu spurningarnar. Annars held ég að pressan verði mest á mér í að leika, ég verð örugglega rekinn ef það gengur illa“, segir Baldur sem kippir í leikarkynið og húmorinn er aldrei langt undan. Þátturinn naut mikilla vinsælda hjá íslensku þjóðinni síðasta vetur og eflaust er margir spenntir að sjá hver standi upp úr sem sigursælasta bæjarfélagið í ár. Lið Ísafjarðarbæjar laut í lægra haldi fyrir Akurnesingum í 16 liða úrslitum í spurningakeppninni Útsvar síðastliðinn vetur. „Já þau klikkuðu í annarri umferðinni í fyrra en ég held að það hafi verið af því þau fengu vitlausa spurningu“, segir Baldur sem vill engu spá um hvernig fer í ár. Þess má geta að lið Grindavíkur er skipað Ásgeir Berg Matthíassyni, Frímanni Ólafssyni og Þorsteini Gunnarssyni.

– thelma@bb.is

Vinnu við varnargarðinn hætt um áramótin

Framkvæmdir við snjóflóðavarnargarðinn í Traðarhrynu í Bolungarvík eru vel á veg komnar. Rúnar Ágúst Jónsson, staðarstjóri Ósafs sem hefur verkið með höndum, segir vinnu við sjálfan varnargarðinn verði hætt um

áramótin.

„Við munum vinna við garðinn eins mikið og við getum áður en það verður orðið of snjóþungt. Við þurfum samt sem áður að bæta starfsfólki eftir áramót þótt við hættum vinnu við varnargarðinn

sjálfan því þá byrjum við að setja saman grindur sem verkkaupandinn leggur til. Við munum nota grindurnar til að hlaða síðustu metrana af hæð varnargarðsins en endanlega hæð hans verður fimmtán metrar,“ segir Rúnar.

Miklar sprengingar eru við varnargarðinn daglega og segir Rúnar ekkert lát verða á þeim fyrir en í desember. „Ef veður stoppar okkur ekki þá höldum við áfram að sprengja 500 kíló af dínamíti daglega fram í desember,“ segir Rúnar.



Þorgeir Pálsson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða.

Enga uppgjöf að finna hjá vestfirskum fyrirtækjum

Enga uppgjöf er að finna hjá vestfirskum fyrirtækjum þrátt fyrir að róðurinn þyngist í yfirstandandi efnahagsþrengingum. „Mér finnst mjög mikilvægt að sú umræða um það hver eigi að gæta hagsmuna okkar sé lokið, enda eru fyrirtæki ekki að biða eftir því að einhver rétti þeim hjálparhönd heldur eru sjálf að vinna í sínum málum“, segir Þorgeir Pálsson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, aðspurður um hag vestfirskra atvinnurekenda í ljósi núverandi aðstæðna. „Auðvitað

verðum við vör við áhyggjur hjá fyrirtækjum vegna gjaldeyrismála og þess háttar en á sama tíma eru mörg þeirra farin að lita eftir verkefnum sem þau geta hafist handa við strax svo sem undirbúning fyrir ferðaþjónustu á komandi sumri og gerð viðeigandi markaðsefnis o.s.frv. Það er því enga uppgjöf að finna hjá þeim og sama tón skynja ég hjá fulltrúum sveitarfélaga á Vestfjörðum.“

Þá hefur Atvinnuþróunarfélagið skilað inn tillögum að beiðni iðnaðarráðuneytisins

um verkefni sem ættu að geta skilað árangri sem fyrst og er verið að biða eftir viðbrögðum við þeim. „Það er mjög mikið að gera hjá okkur í At-Vest. Til að mynda vorum við á Reykhólum og Ströndum í síðustu viku m.a. til að ræða hugmyndir um hvernig megi fara út í frekari vinnslu á ýmsu hráefni sem er framleitt þar, en það er þó of snemmt að segja nánar frá því. Þá erum við líka að horfa í atvinnutækifæri hjá mörgum fyrirtækjum hér vestra og hvetja þau til að auglýsa eftir starfsfólki um

leið og við hvetjum fólk til koma vestur. Núverandi staða felur einfaldlega í sér viss tækifæri fyrir Vestfirði hvað þetta varðar.“ Þorgeir segir það þó vera mjög slæmt að fyrirtæki sem eru góðum rekstri geta ekki staðið í skilum eða verslað inn vörur vegna gjaldeyrismála. „Mikilvægt er að horfa til þeirra atvinnugreina sem eiga eftir að draga vagninn á næstunni, svo sem sjávarútvegs, ferðaþjónustu og menntunar og beina fjármagni og nýsköpun þangað.“

– thelma@bb.is

Grunnskólanemendur kviðu fyrir prófum

Heyrst hefur að kviði hafi hrjád sum börn sem tóku samræmt könnunarpróf í grunnskólunum fyrir stuttu þrátt fyrir að

gefið hefði verið út að prófin ættu ekki að auka álag á þeim. Anna Lind Ragnarsdóttir, skólastjóri í Súðavík, segir

ekki mikla áherslu lagða á prófin í Súðavíkarskóla. „Nemendur fá að sjá gömul próf og taka eitt slíkt til prufu. Við

reynum eins og við getum að nemendur upplifi þetta sem hverja aðra könnun/próf þar sem þeir eigi að gera sitt besta

hverju sinni. Alls ekki að mynda einhverja spennu sem leiðir til kviða. Ég hef heyrt margar slæmar sögur um gríðarlega áherslu þessa prófa til þess að „skólinn“ komi vel út á landsvísi, en ég tek ekki þátt í slíku.“

Niðurstöður samræmdra prófa byggja á því að meta stöðu hvers nemanda með samanburði við jafnaldra hans á landinu öllu. Niðurstöðurnar gefa því kost á að meta stöðu nemenda í öðru samhengi en námsmat innan skóla gerir.

Samræmd próf eru lögð fyrir nemendur í 4., 7., og 10. bekk og hafa próf elstu nemanna tekið nokkrum breyting-

um. „Þeim hefur fækkað úr sex í þrjú fyrir 10.bekk sem og að 10.bekkingar taka þessi þrjú próf við upphaf lokaárs síns í stað enda þeirra. Einnig verða einkunnir þessa prófa ekki lengur „inngangur“ í framhaldsskóla. Mitt mat á þessu er að ég tel þessi próf eigi að vera eins og þau eru í 4.-7.-10. bekk og fagna flýtingu þeirra að hausti en ekki vori en ég tel að prófin eigi að vera eingöngu fyrir nemendur, foreldra og kennara en ekki „skor/útkoma“ hvers skóla á landsvísi“, segir Anna Lind Ragnarsdóttir.

– thelma@bb.is

Fjölbreytt verkefni í innflytjendamálum

Sautján verkefni og rannsóknir hlutu styrk úr Þróunarsjóði innflytjendamála á síðasta ári en Háskólasetur Vestfjarða hefur umsjón með sjóðnum. Nú hefur verið opnað fyrir umsóknir úr sjóðnum í annað sinn og rennur umsóknarfrestur út 31. október. Að þessu sinni

er sérstök áhersla lögð á eftirfarandi atriði: Stöðu innflytjenda á vinnumarkaði, meðal annars í ljósi breytts efnahagsástands; starfsþjálfun, starfsnám, réttindi og skyldur. Fræðslu gegn fordómum og aðrar aðgerðir til að koma í veg fyrir mismunun eða fordóma vegna uppruna, kynþátt-

ar eða trúarbragða. Önnur verkefni koma einnig til álita. Tilgangur sjóðsins er að efla rannsóknir og þróunarverkefni á sviði málefna innflytjenda með það að markmiði að auðvelda innflytjendum aðlögun að íslensku samfélagi og gera samfélaginu betur kleift að koma til móts við þá.

Lögð er áhersla á að verkefni séu í samræmi við og í anda stefnu ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda.

Auglýst var í fyrsta sinn eftir umsóknum um styrki í þróunarsjóð innflytjendamála í fyrra.

– thelma@bb.is



Ljósmynd: Ágúst Atlason.

Skapar sitt eigið umhverfi til að líða betur

Önundur Hafsteinn Pálsson rekur sitt eigið upptökuver á Flateyri. Upptökuverið nefnist Studio Tankur og á hann það ásamt eiginkonu sinni, Sig-

rúnu Svanhvíti Óskarsdóttur. Önundur er einnig framúrskarandi trommuleikari og stundar þá iðju grímt ásamt því að kenna hana í Tónlistar-

skóla Ísafjarðar. Önundur er sonur Páls Önundarsonar og Magneu Guðmundsdóttur og býr ásamt konu sinni og dætrum, þeim Magneu Björgu og

Védísi Ósk, í einbýlishúsi á Flateyri. Önundur er uppalinn Flateyringur og liggur því fyrsta spurningin beinast við.

– Hvernig var að alast upp á Flateyri?

„Fínt maður, ekkert vesen.“

– Hvað hafðir þú þá fyrir stafni þegar þú varst að leika þér sem barn á Flateyri?

„Ég var voðalega mikill einfari alveg til ellefu ára aldurs. Var bara heima og hlustaði á tónlist og horfði á bíómyndir. Við vorum þriðja fjölskyldan til að eignast myndbandstæki á Flateyri þannig að ég var rosalega vinsæll í skólanum þegar fréttist að ég ætti myndbandstæki.“

– Rosalega vinsæll einfari. Það er sérkennileg blanda?

Önundur hlær. „Ekki miskilja mig. Ég lék mér alveg úti við aðra krakka á Flateyri. Fór í túttubyssustríð og alla þá leiki. En þegar kom að því að krakkarnir ætluðu að hittast heima hjá hver öðrum, þá vildi ég það ekki og var frekar heima að hlusta á tónlist eða glápa á bíómyndir.“

– En komu þau þá ekki heim til þín að horfa á bíómyndir?

„Jújú, þegar það voru komin fimm myndbandstæki á Flateyri, þá opnaði pabbi myndbandaleigu heima í stofu. Hann smíðaði rekka og fékk þrjár fullar ferðatöskur af myndbandsspólum sendar heim. Það var svakalega skemmtilegt að vita til þess að pabbi ætti myndbandaleigu heima í stofu þegar maður var púki. Það varð líka til þess að ég sá misgáfulegar bíómyndir á þeim tíma. Ég er t.d. búinn

að sjá „The man with the one million dollar arm“ eða einhverja álíka vitleysu,“ segir Önundur og hlær.

Vann þrisvar til verðlauna fyrir kúluvarp

– Æfðir þú engar íþróttir á þínum æskuárum?

„Ég fór einu sinni á fótþoltaæfingu þegar ég var sex ára. Þá mætti ég í stígvélum og fótþoltaþjálfarinn sendi mig heim af æfingu og sagði mér að koma aftur í íþróttaskóm. Ég kom því aldrei aftur og hef ekki komið á æfingu síðan. Ég lagði hins vegar kúluvarp fyrir mig og vann til verðlauna þrisvar. Ég vann eitt gull, eitt silfur og eitt brons og ákvað þá að hætta.“

– Þannig að þú hefur ekki fallið inn í normið hjá krökkunum á Flateyri?

„Jújú. Maður var nú alltaf hlaupandi út um allar trissur og út á höfn að dorga. En ég var ekkert mjög félagslyndur sem barn. Það var ekki fyrr en ég var orðinn ellefu ára sem mamma mín fékk nóg af þessari feimni í mér. Hún rak mig heim til Önnu Kristínar vinkonu minnar og krakkarnir voru þar að hlusta á tónlist og dansa. Þá losnaði um feimnina hjá mér og ég dansaði af mér rassinn,“ segir Önundur og hlær. „Þú myndir skilja af hverju ég hlæ ef þú hefur einhvern tímann séð mig dansa því ég legg mig allan í dansinn. Magnús Scheving gæti tekið niður nokkra punkta hjá mér ef að hann sæi mig

dansa. Eftir það var ég ekki feiminn lengur og varð með félagslyndari krökkum á Flateyri.“

„Hotel California“ minnir á móðurmjólkina

– Þannig að tónlistaráhuginn hefur kviknað snemma, er það ekki?

„Þegar ég var krakki, þá var ég eyrnaveikur og alltaf kvartandi yfir því vegna verkja í eyrunum. Mér skilst að pabba mínum hafi dottið í hug að setja risastór heyrnatól á mig sem náðu nærri því yfir allan hausinn á mér. Hann setti þau á mig og spilaði tónlist mjög lágt í gegnum þau. Ég var því búinn að læra á plötuspilarann heima á öðru aldursári eða þar um bil.“

Það voru tvær plötur sem ég hálf „nauðgaði“ á þessum tíma og þær voru „Hotel California“ með The Eagles og „Paranoid“ með Black Sabbath. Þegar ég heyri þessar tvær plötur, þá fæ ég algjört „flashback“ frá þessum árum. Þetta er eins og að finna bragðið af móðurmjólkinni aftur þegar ég heyri þessa tónlist.

Ég man líka fyrst eftir mér bak við trommusett þegar ég var þrígga ára. Þetta er eiginlega fyrsta minningin mín. Það var í kjallara hjá ömmu og afa þar sem frændi minn Barði Önundarson var með trommusettið sitt. Ég var svo litill að ég náði ekki niður á trommupedalana og hann sat fyrir aftan mig og hélt mér

Sama verð um allt land
- Þjónustuaðilar Sólningar -

SÓLNING

þjónustar þig allan hringinn

BÍLAVERIÐ ehf
- Hjólbarðaverkstæði Ísafjarðar -

Eitt mesta úrval landsins af dekkjum og felgum
frá viðurkenndum framleiðendum fyrir allar gerðir ökutækja

Opíð virka daga frá 8 til 17 - Sindragata 14 - Sími 456 3501 - Tímá pantanir á netinu
www.bilaverid.is

Mastercraft HANKOOK Continental NANKANG

Fréttablaðslausir ljósastaurar á Ísafirði

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar hefur hafnað erindi Pósthússins og Fréttablaðsins um að fá að setja upp kassa á ljósastaura undir Fréttablaðið á tólf stöðum á Ísafirði. Umhverfisnefnd leitaði eftir umsögn um erindið frá Orkubúi Vestfjarða og segir í umsögn OV að ljósastaurar í götulýsingu séu raforkuvirki sem lúta lögbodnu opinberu eftirliti sem slíkir og þeim er ekki annað hlutverk ætlað en að vera burðarvirki fyrir viðkomandi ljósker. Orkubú Vestfjarða leggst því gegn þessari ósk frá Pósthúsinu ehf. og mun ekki heimila þessa tilhögun dreifingar.

Eyrarskjól brýtur blað á heimsvísu

Ekki er vitað til þess að leikskóli hafi nokkurs staðar í heiminum hafið eineltisáætlun með svo viðamiklum hætti sem leikskólinn Eyrarskjól á Ísafirði hefur staðið að í haust. Eins og greint hefur verið frá eru starfsfólk, leikskólabörn og foreldrar þeirra fyrst Íslendinga til að verða fullgildir þátttakendur í svokallaðri Olweusar-áætlun sem gengur út á að draga úr einelti og andfélagslegri áreitni. Verkefnið hefur verið í notkun í mörgum grunnskólum undanfarin ár og reynslan af því sýnir að umtalsvert dregur úr einelti í þeim skólum þar sem það hefur verið innleitt.

Sigríður Ragnarsdóttir útnefnd bæjarlistamaður Ísafjarðarbæjar

Bæjarlistamaður Ísafjarðarbæjar var útnefndur við hátíðlega athöfn í Edinborgarhúsinu á Ísafirði á sunnudag. Sigríður Ragnarsdóttir, skólastjóri Tónlistarskóla Ísafjarðar, hlýtur nafnbótina þetta árið en Sigríður hefur ásamt því að vera tónlistarmaður, unnið óeigingjarnt starf í þágu tónlistarinnar á Ísafirði. Menningarmálanefnd Ísafjarðarbæjar tilnefnir bæjarlistamann Ísafjarðarbæjar og rökstyður hún tilnefninguna með þessum orðum: „Þó að Sigríður hafi ekki alltaf verið í kastljósinu sem listamaður sjálf hefur hún svo sannarlega auðgað listalífið með stóru framlagi til tónlistarlífs bæjarins því menning er ein af undirstöðu mannlífs og er hún því vel að þessari útnefningu

komin.

Sigríði er efst í huga þakklæti þegar hún er spurð hvaða þýðingu þessi útnefning hafi fyrir hana. „Í mínum huga er þessi nafnbót mikill heiður að vera heiðruð fyrir starf mitt af mínu heimafolk. Mér þótti einnig mjög kært að sjá allt mitt samferðafólk í gegnum tíðin á athöfninni og fann fyrir mikilli hlýju og stuðning frá því. Ég lít á þetta sem viðurkenningu á starf mitt sem tónlistarmaður og sem kennari. Þessi tilnefning kom mér verulega á óvart því að það býr svo margt gott listafólk í Ísafjarðarbæ sem er vel að þessari nafnbót komið en Inga S. Ólafsdóttir, formaður menningarmálanefnd Ísafjarðarbæjar, sagði þeirra tími myndi koma seinna þegar ég sagði það við

hana,“ segir Sigríður.

Sigríður bendir á að tónlist á aldrei meira erindi á tímum sem þessum. „Ég tel að tónlistin hafi aldrei verið brýnni í dag þegar svo mörg gildi sem hafa verið ríkjandi í samfélaginu hafa beðið skipbrot. Ísafjörður hefur alltaf verið mikill tónlistar- og menningarbær þó að hér hafi dunið á mörg áföll þá höfum við Ísfirðingar haldið okkar striki í tónlistarlífinu. Ég er mjög stolt af því að fá að vera Ísfirðingur og fá að starfa hér,“ segir Sigríður.

Sigríður hlaut að launum listaverk eftir Dýrfinnu Torfadóttur og það voru tveir silfurstólpar á granitsteini og á öðrum þeirra var tónlistarlykil og það er tilvisun í hversu mikilvægt er að vera með



Sigríður Ragnarsdóttir tekur við útnefningunni á sunnudag.

svoleiðis máttarstólpa í höndunum. Sigríður er sú niunda í röðinni sem ber titilinn en fyrrum bæjarlistamenn eru: Reynir Torfason, myndlistar-

maður, Jón Sigurpálsson, myndlistarmaður og safnvörður, Harpa Jónsdóttir, rithöfundur og kennari, Vilberg Vilbergsson, rakari og tónlistar-

maður, Jónas Tómasson tónskáld og Elfar Logi Hannesson leikari, Pétur Tryggvi, silfursmiður og Baldur Geirmundsson, tónlistarmaður.



Hjólbarðaverkstæði SB
Sindragötu 3, 400 Ísafirði
Sími: 456 3033



Hrafn Snorrason ásamt yngsta þátttakenda ljósmyndakastsins Hákonni Erni Hrafnssyni.

Ljósmyndakast í nýfátækum stíl

Sýning á ljósmyndakasti Krumma opnaði í Hamraborg á Ísafirði undir lok síðustu viku. Um er að ræða afrakstur eins konar ljósmyndamaraþons þar sem 25 þátttakendur sendu inn myndir með ákveðnu þema. „Þetta er allsérstakt ljósmyndakast þar sem það fór alfarið í gegnum netið. Ég hef því ekki hitt neina af þátttakendum en þeir geta eins og aðrir farið í Hamraborg og skoðað og notið afrakstursins

“, segir Hrafn Snorrason sem þekktur er sem Krummi. Allir fengu sama verkefnið en það var að mynda andlit og einungis mátti ein manneskja vera á myndinni. „Þetta var gert í nýfátækum stíl en alls staðar var sparað. Myndirnar voru prentaðar út á ljósritunarpappír, sem kemur glettilega vel út, og þær síðan settar í papparamma sem fyrirtækið Formfast gerði fyrir mig. Allt ljósmyndakastið snerist bara

um að hafa gaman af“, segir Hrafn. Hann segist hafa áhuga á því að koma myndunum til varðveislu á ljósmyndasafni Ísafjarðar enda geti þær nýst sem upplýsingar fyrir sagnfræðinga í framtíðinni. „Það er um að gera að varðveita þessar myndir en að sjálf-sögðu eru þeir ekki ætlaðar til birtingar án leyfis ljósmyndaranna enda er höfundarréttur og allt slíkt í heiðri haft.“

– thelma@bb.is

Hlýindi vantar svo FB verði fókheld

Framkvæmdir við Félagsheimili Bolungarvíkur ganga vel að sögn Arnar Smára Gíslasonar, framkvæmdastjóra Rafskauts ehf. á Ísafirði sem hefur verkið með höndum. Unnið er að því að gera húsið fókheld áður en vetur skellur á með fullri hörku og bíða verktakarnir eftir næstu þíðu svo unnt sé að steypa þakplötu á nýbyggingu hússins. „Verkið er enn á tíma og er næsta verkefni okkar að skipta út gluggum hússins og einangra þakið. Eftir það hefjum við vinnu í innviðum hússins. Sú vinna hefst í desember. Við höfum þurft að hægja á framgangi verksins að beiðni Bolungarvíkurkaupstaðar til þess að dreifa peningastreyminu í verkið,“ segir Örn Smári.

Brunarnir enn óupplýstir

Rannsókn á eldsvoðunum tveimur að Suðurtanga 2 á Ísafirði með viku millibili í september eru enn í rannsókn að sögn lögreglunnar á Vestfjörðum. Um íkveikju var að ræða í báðum tilfellum og hafa aðilar verið yfirheyrðir vegna málsins en lögreglan vill ekki upplýsa hversu margir hafa verið yfirheyrðir og hvaða réttarstöðu þeir hafi haft við yfirheyrsluna. Málið telst því ekki fullkomlega upplýst og mun lögregla rannsaka málið frekar. Eldur kom upp í Suðurtanga 2 með fimm daga millibili í september.

Að missa ekki móðinn, með 120 ára millibili

Gamalt fréttablað fannst í síðustu viku í húsi sem brann í Hnífsdal í síðasta mánuði þegar starfsmenn verktakafyrirtækisins Spýtunnar voru að rífa niður skemmda einangrun. Um er að ræða grein úr dagblaðinu Ísafold frá 6. október 1886. Þrátt fyrir aldurinn er hluti blaðsins vel læsilegur og vekur athygli hversu vel það sem þar segir hittir í mark í dag en fyrrisögn greinarinnar er: Um „að missa ekki móðinn“.

Þar segir: „Það er einkum áriðandi, þegar maður er í hættu staddur, að „missa ekki móðinn“, annars fer allt í handaskolum og glötunin er vís. Ástand lands vors er nú eins og stendur sannarlegt hættuástand: veður-átt ill og hörð, allir aðal-atvinnuvegir ógreiðir, verzlun og stjórni óhagstæð. Í slíkum kringumstæðum gætir mest, að landsmenn „ekki missi móðinn“ En er nokkuð hætt við því? Gætum að, hvað vjer sjáum til merkis um það,“ segir í greininni og óneitanlega á þetta

vel heima í þeim efnahagsþrengingum sem nú blasa við landsmönnum.

Og áfram heldur greinin: „Í flestum hjeruðum landsins er mjög mikill hugur í mönnum að komast af landi burt, og það svo, að líklegt þykir að margir mundu eigi hika við að ganga frá eignum og óðulum, ef ókeypis flutningur fengist til Vesturheims. En af því þjóð vor er svo fámenn og peningasnauð, missir hún tilfinnanlega krapt við mikinn útflutning manna. Þó kemur það enn tilfinnanlegar niður á þjóðinni, er menn „missa móðinn“ og „fara á sveitina“, þá er skaðinn margfaldur; því auk þess sem þeirra kraptar eru tapaðir, veikja þeir krapta fjelagsins, sem bera þunga þeirra, og svo koll af kolli.

Úr öllum áttum eru sagðar sögur af ótíð, hrakföllum og alls konar bágingum, og er þá stundum gjörður úlfaldi úr mýflugunni. Hinir pólitísku íhaldsmenn eru þar fremstir í

flokki. Öllu nauðsynlegra væri að ræða um þau ráð og þau hjálparmeðul og þannig örfa þjóðina, svo hún síður missi móðinn.

Að nýta og spara – það er aldrei fremur en í slíkum kringumstæðum ástæða til að brýna það fyrir mönnum í von um árangur; aldrei fremur ástæða til að vekja athygli manna á, að nýta sem bezt allt það, sem fyrir hendi er og landið sjálft gefur af sjér. Of víða er nú farið mjög að vanrækja að nota ýmislegt það, sem áður hefur verið notað til manneldis. Fiskveiðar í sjó og vötnum eru að voru álitni einn höfuðþáttur í framtíðarvon lands vors; þess vegna riður einkum á að veita þeim athygli.“

Eflaust hefur sá sem notaði blaðið við einangrunina ekki órað fyrir hversu mikið erindi hún ætti við landsmenn hundr- að árum seinna en húsið var byggt 1908.

– thelma@bb.is



120 ára grein úr Ísafold á fullt erindi við landsmenn í dag.

Í byrjun desember mun Bæjarins besta gefa út sérblaðið „Á aðventunni“ þar sem verður að finna fjölbreytt efni tengt aðventu og jólum.

Á AÐVENTUNNI

Þeir aðilar sem hafa hug á að auglýsa fyrir jólin er bent á að panta tímanlega rými í blaðinu.

Tilkynningar um viðburði á aðventu sem birtast eiga í atburðardagatali blaðsins þurfa að berast eigi síðar en 17. nóvember á netfangið jsimonia@simnet.is

Frekari upplýsingar gefur Sigurjón í síma 456 4560.



Mannlífið

Framtíð „Aldrei fór ég suður“ tryggð

Að sögn Hálfðans Bjarka Hálfðanssonar, rokkstjóra „Aldrei fór ég suður“ síðustu tveggja ára, er framtíð hátíðarinnar tryggð og verður hún haldin um næstu páska líkt og undanfarin ár. Samningur hátíðarinnar við styrktaraðila sína rann út á þessu ári og segir Hálfdán Bjarki forsvarsmenn hátíðarinnar leita til þeirra fyrirtækja sem styrktu hátíðina áður. „Við erum ekki farnir að huga að styrktaraðilum enn sem komið er en við munum væntanlega leita til Símans og Flugfélag Íslands um áframhaldandi samstarf. Við þurfum væntanlega að haga seglum eftir vindum vegna efnahagsástandsins og við vitum ekki á þessari stundu hversu mikið fjármagn við getum sett í hátíðina. Hátíðin verður samt sem áður í sömu mynd en hugsanlega með breyttum áhersluatriðum, enda er hún í stöðugri þróun.“

Smáauglýsingar

Til sölu eru fjögur ónegld General Grabber AT2 265/70 R16 jeppavetrardekk á felgum. Fjögur ónegld Summit LT 265/70 R16, hálfslitin vetrardekk fylgja. Verð kr. 60.000. Til sýnis að Urðarvegi 56. Uppl. gefur Kjartan Trausti í síma 866 9623.

Til sölu er íbúðin að Engjavegi 15, neðri hæð, aðeins gegn yfirtöku lána. Asett verð er fjórtán milljónir. Upphæð áhvilandi lána er 11,2 millj. í íslenskri mynt hjá Glitni. Nánari upplýsingar í síma 898 2596.

Til sölu eru 4 stk. 13" nagladekk á kr. 10.000. Uppl. í síma 698 1850 og arndisbj@hotmail.com

Vantar skíði fyrir sex ára gutta sem er 130 sm á hæð. Ef einhver liggur með kertavax, þigg ég það. Uppl. í síma 698 1850.

Til sölu er nýtt reiðhjól og nýr byssuskápur, nýtt síldarnet - 8 stykki og lítil vélsög. Uppl. í síma 456 3663 eftir kl. 19.

Til sölu er furu sófasett 3+1+1 og sófaborð í stíl. Einnig tvö falleg glerborð með gylltum fótum. Allt vel með farið og selst ódyrt. Á sama stað óskast 16" nagladekk. Upplýsingar í síma 862 2755.

Til sölu er sófasett 3+2+1 með tauáklæði. Verð kr. 20 þúsund. Uppl. í síma 456 3442.

Spilavist í Guðmundarbúð 1. nóvember kl. 20.

Til sölu er Land Rover Defender, árg. 2001, 9 manna, ekinn 142 þús. km. 38" dekk. Uppl. í síma 892 7575.

Hornsófi, 2x10, með tauáklæði selst ódyrt. Lífur vel út. Uppl. í síma 456 3235 eftir kl. 17.

Til sölu er Skoda Octavia, 4x4, árg. 2003, ekinn 72 þús. km. Uppl. í síma 895 3595.

Til sölu eru fjögur nagladekk 155/70 13". Upplýsingar í síma 894 5023.

Til sölu er notað leðursófasett og eldhúsborð og stólar á sanngjörnu verði. Uppl. í síma 456 7470 eða 893 3370.

Aflaverðmæti dregist saman

Aflaverðmæti vestfirskra skipa nam 2,3 milljörðum króna á fyrstu sjö mánuðum ársins samanborið við 2,6 milljarða á sama tímabili í fyrra. Aflaverðmæti hefur dregist saman um 372 milljónir eða 13,8% á milli ára. Aflaverðmæti í júlí nam 114 milljónum miðað við 213 milljónir í júlí 2007. Þetta kemur fram í tölum Hagstofunnar sem byggja á vigrar- og ráðstöfunarskýrslum.

Spurning vikunnar

Átt þú von á því að boðað verði til þingkosninga fljótlega?

Alls svöruðu 711.

Já sögðu 336 eða 47%

Nei sögðu 375 eða 53%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Konukvöldið heppnaðist vel

Árlegt konukvöld veitingastaðarins Við Pollinn á Hótel Ísafirði gekk glimrandi vel að sögn Halldórs Karls Valssonar, annars eiganda veitingastaðarins. Uppselt var á konukvöldið og létu konurnar vel að skemmtuninni. „Elfar Logi Hannesson leikari, hljóp í skarðið sem veislustjóri fyrir Auðun Blöndal sem forfallaðist vegna þess að ófært var með flugi til Ísafjarðar á laugardag. Elfar Logi stóð sig gríðarlega vel og vakti mikla lukku meðal kvennanna. Svo var tiskusýning í boði fataverslunarinnar Jón og Gunnu. Rúsínan í pulsuendanum var kynning á hjálpartækjum ástarlífsins frá erótísku versluninni Amor. Þar sýndi annar eigandi Amor hjálpartækin og var kynning hennar eins verkleg og leyfilegt er. Þetta kvöld heppnaðist einstaklega vel og fóru allir gestir kvöldsins mjög sáttir af því,“ segir Halldór. Meðfylgjandi myndir voru teknar á kvöldinu.



Flokkun „stríðsskjalanna“ gengur vel

Flokkun „stríðsskjalanna“ svonefndu á Héraðsskjalasafninu á Ísafirði gengur vel að sögn Jóhanns Hinrikssonar, forstöðumanns Safnahússins á Ísafirði. Jóhann áætlað að um 5% skjalanna hafi nú þegar verið flokkuð. „Flokkunin á að taka fjögur til sex ár og eru fimm starfsmenn nú þegar í vinnu við flokkun skjala og bætist sjötti við innan tíðar. Við ætlum að bæta við okkur fleiri flokkunar-verkefnum og reyna að gera verkefnið að varanlegri starfsemi því nóg er til af skjölum sem eru í óreiðu hjá ríkinu og þarf að flokka,“ segir Jóhann.



Frá opnun sýningarinnar í Safnahúsinu á Ísafirði.

Minning Höllu á Laugarbóli lifir

Guðfinna Hreiðarsdóttir, sagnfræðingur á Ísafirði opnaði á föstudag sýningu um ljóðskáldið Hallfríði Guðfinnu Eyjólfsdóttur frá Laugarbóli í Nauteyrarhreppi í Safnahúsinu á Ísafirði. Ástæðan fyrir því að Guðfinna valdi Hallfríði sem viðfangsefni er löngun hennar í að vita meira um Hallfríði sem samdi ljóðin „Ég lít í anda liðna tíð“ og „Svanurinn minn syngur“. „Sigvaldi Kaldalóns gerði ljóð hennar ódauðleg er hann samdi lög við þau. Mér þykir Hallfríður að öðru leyti gleymd og vildi ég fræðast meira um mann-skjuna á bakvið ljóðin. Ásamt sýningunni kemur út bók um Hallfríði sem er æviágrip hennar ásamt ljóðum og er hún ætluð til að kynna hana betur fyrir landsmönnum,“ segir Guðfinna. Sýningin mun standa í Safnahúsinu út nóvember.



Guðfinna við opnun sýningarinnar.

Halla sigraði Prjónympíuleikana

Halla Magnadóttir kom, sá og sigraði á fyrstu Prjónympíuleikum sögunnar sem haldnir voru á Kaffi Edinborg á Ísafirði á laugardag. „Þetta var spennandi og skemmtileg keppni og það var góður slatti af þátttakendum. Halla Magnadóttir var hin óumdeilda prjónadrottning og verða hinir keppendurnir að vera í stífum æfingabúðum í vetur ef þeir ætla að ná henni á næstu Prjónympíuleikum“, segir Hálfán Bjarki Hálfánsson, einn af skipuleggjendum Prjónympíuleikana. Keppt var í 10 garða sprettprjóni, 4 X 10 garða boðprjóni og 50 garða langprjóni. Níu tóku þátt í sprettprjóni, þrjár boðsveitir (12 manns) í boðprjóni og fimm í langprjóni. Í sprettprjóninu sigraði Halla Magnadóttir með nýju Íslandsmeti 6:53. Í öðru sæti var Gerður Eðvarsdóttir með tímann 7:13 og Guðný Stefánía Stefánsdóttir var þriðja á 7:17.

Í boðprjóninu sigraði Boðsveit 2 á tímanum 27:09 eftir kaflaskipta og æsispennandi



Halla Magnadóttir var óumdeildur sigurvegari Prjónympíuleikana og sigraði allt sem sigrað gat.

keppni. Sveitina skipuðu þær Guðný Stefánía Stefánsdóttir, Kristín Jónasdóttir, Lóa Guðrún Guðmundsdóttir og Halla Magnadóttir. Í langprjóninu sigraði hin óumdeilda prjónadrottning Halla Magnadóttir

á sléttum 27 mínúm en fast á hæla hennar fylgdu Gerður Eðvarsdóttir á tímanum 29:04 og Guðný Stefánía Stefánsdóttir 30:34. Keppnin var hluti af hátíðinni Veturnóttum sem haldin var í bænum um helg-

ina og þótti eiga vel við þar sem prjónaskapur og aðrar hannyrðir hafa svo öldum skiptir verið stór hluti af lífi Íslendinga yfir vetrarmánuðina.

– thelma@bb.is

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Suðvestanátt, víða 10-15 m/s með rigningu, en þurrt og bjart á köflum austanlands. Hiti 3-8 stig. **Horfur á laugardag:** Vestlæg átt með skúrum eða slydduéljum vestantil á landinu, en þurrt austanlands. Heldur kólnandi. **Horfur á sunnudag:** Vestlæg átt með skúrum eða slydduéljum vestantil á landinu, en þurrt austanlands. Heldur kólnandi.



Sælkerar vikunnar eru Sigríður Ragna Jóhannsdóttir og Guðmundur Hrafnsson á Ísafirði

Lax með chutney og pistasíum

Sælkerar vikunnar bjóða upp á lax með chutney og pistasíum sem er einn af þeirra uppáhalds réttum, ekki bara bragðgóður heldur líka bráðhollur fiskréttur. „Uppskriftina fengum við í vor á heilsumatarkvöldi sem Heilsuefning í Ísafjarðarbæ var með í samstarfi við góðan heilsumatarklúbb hér í bæ. Það tekur reyndar svolitinn tíma að gera kryddsósuna en hún er mjög góð og þá ekki bara á fiskrétti heldur líka til dæmis á kjúkling“, segir Sigríður.

Borið fram með brúnum hrisgrjónum og góðu fersku salati.

Mangó- og chilli-chutney, meðal sterkt

4 – 5 þroskuð mangó
1 rautt chilli
2 hvítlauksrif
1 cm engiferrott
300 gr. döðlur
½ dl. ferskur limesafi
½ dl. mangó- og eplasafi (t.d. frá Rapunzel)
ca ½ dl. agave sýróp

Lax með chutney og pistasíum

Extra Virgin ólífuolía
1.5 kg. lax
Ferskur limesafi eða sítrónusafi
Sítrónupipar
Paprikuduft
Salt
Mangó- og chillichutney (sjá meðfylgjandi uppskrift)
1 poki / 70 gr. pistasíuhnetur, muldar

Setjið örlítið af Extra Virgin ólífuolíu í eldfast mót. Roðflettið laxinn og leggið í mótið. Kreistið lime eða sítrónu yfir laxinn og kryddið með sítrónupipar, paprikudufti og salti eftir smekk. Smyrjið mangó- og chilli-chutney yfir laxinn og dreifið síðan muldum pistasíuhnetum yfir allt. Bakið í ofni við 175 °C í um 20 mínútur eða þar til laxinn er eldaður.

Skerið mangó í litla bita. Fræhreinsið chilli og afhýðið engifer. Setjið helminginn af mangó og síðan chilli, hvítlauk og engifer í matvinnsluvél og maukið. Saxið döðluð smátt (gott að láta þær liggja í bleyti áður). Hellið maukinu í pott ásamt limesafa, mangó- og eplasafa, agave sýrópi og döðlum. Látið suðuna koma upp. Setjið restina af mangó í pottinn og sjóðið saman í 45 mínútur. Gætið að hræra reglulega í pottinum svo ekki brenni við. Þetta chutney er frábært með grænmetis-, fisk- og kjötréttum.

Til að milda kryddsósuna má minnka chilli, hvítlauk og engiferrott.

Birgitta Baldursdóttir er mikill matgæðingur og spáir mikið í hollustuna. Það er því tilvalið að fá góða uppskrift frá henni í næsta tolublað Bæjarins besta.

ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR!



TRIBUTE

Uppselt er á allar auglýstar sýningar!

Vegna fjölda áskoranna hefur verið
ákveðið að bæta við einni aukasýningu
föstudaginn **12. desember**

Nánari upplýsingar á Kaffi Edinborg
í síma **456 4400**

